

SKOÐUN Atvinnuffilið býr ekki til atvinnu skrifar Guðmundur Andri Thorsson. **13**

MENNING Steinunn Camilla Sigurðardóttir sendir frá sér nýja skartgripalínu. **26**

SPORT Birgir Leifur Hafþórsson og Sunna Víðisdóttir urðu Íslandsmeistarar í höggleik um helgina. **20**

GEFORCE GTX 650

msi

23.990

tl.is

TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
29. júlí 2013
176. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Söngparið flíppar

Hjón sem ákváðu í flíppi að leika fyrir mann á biðilsbuxunum eru á leið til Mallorca á næsta ári til að syngja í brúðkaupinu. **2**

Bátarnir ófullnægjandi Engar forsendur eru til að rýmka reglur um fjölda farþega um borð í Rib-slöngu-bátunum segir Siglingastofnun. **4**

Fjórðungur með 4G Ný úttekt sýnir að einungis fjórðungur íbúa ESB-ríkja hefur aðgang að 4G-háhraðatengingu fyrir farsíma. **6**

Hart í ári syðra Þó að ekki væsi um sjóflugla norðanlands og austan er heldur hart í ári hjá frændum þeirra fyrir sunnan og vestan. **8**



Bolungarvík	14°	NA	3
Akureyri	15°	N	3
Egilsstaðir	15°	A	2
Kirkjubæjarkl.	18°	NA	1
Reykjavík	16°	NV	2

HLÝJAST SV-LANDS Í dag verður hæglætis veður og léttir til S- og V-lands en annars skjáð og úrkomulítið. Hiti 10-20 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk

FASTEIGNIR.IS

FOLK

GLEYMSKA VARD

Panasonic LUMIX

14.1 milljónir punkta

ALVÖRU MYNDAVÉL FYRIR KRÖFUHARÐA NÚ Á ÁÐUR ÓÞEKKTU VERÐI

PANASONIC DMCSZ7

24.990

VERÐ ÁÐUR 34.990

Sjónvarpsmiðstöðin



Í HLÝRRI GJÁ Undanfarið hefur verið rætt um að dreifa verði ferðamönnum um landið. En svo margir eru leyndardómar þessa lands að alltaf verður farið á mis við einhverjar perlur þess. Hér er Sara Ósk Stefánsdóttir að baða sig í gjá sem örfáir þekkja og ljósmyndari vill að svo verði áfram og gefur því einungis upp að hana sé að finna í Mývatnssveit. Vatnið er tíu metrar þar sem það er dýpst og önnur eins er hæðin frá brún og niður að vatni.

Samráð skortir um viðhald sjálfboðaliða

Reykjavíkurborg hefur leigt sjálfboðaliðasamtökunum Veraldarvinum nærri 150 ára gamalt hús í Vesturbænum. Félagið greiðir ekki leigu fyrstu árin gegn því að gera upp húsið. Borgarfulltrúi hefur áhyggjur af skorti á fagþekkingu og samráði.

SKIPULAGSMÁL Sjálfboðaliðasamtök in Veraldarvinnur hafa fengið íbúðarhúsinu Stóra-Seli við Holtsgötu 41b úthlutað frá Reykjavíkurborg án endurgjalds fyrstu árin gegn því að sjálfboðaliðar geri upp húsið.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðust gegn tillögu um að leigja Veraldarvinum húsið. Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, gagnrýnir að ekkert samráð hafi verið haft við íbúa húsa í nágrenninu áður en sjálfboðaliðasamtökunum hafi verið úthlutað húsinu.

„Við vonuðumst til að það yrði haft samráð við íbúa um hvaða starfsemi væri í húsinu. Þessi meirihluti sem kennir sig við samráð við íbúa vildi náttúrulega ekki gera það,“ segir Kjartan.

Húsið við Holtsgötu 41b var byggt árið 1866 og stendur nú umlukkið fjölbýlishúsum. Húsið er friðað. Það var áður í eigu einstaklings sem vanrækti viðhald þess og er ástand þess sagt afar slæmt.

Kjartan hefur áhyggjur af því að

samtökunum farist viðhald hússins ekki nægilega vel úr hendi. „Þessi bær er reistur á þarsíðustu öld og það má velta því fyrir sér út frá faglegum sjónarmiðum hvort það sé sniðugt að fela viðhald á þessu húsi samtökum sem eru eflaust ágæt en hafa að mér vitandi enga sérþekkingu á viðhaldi á svo gömlu húsi.“

Veraldarvinnur þurfa ekki að greiða leigu af húsnæðinu fyrstu þrjú árin gegn því að samtökin geri upp húsið. Húsið verður notað sem gistipláss fyrir sjálfboðaliða á vegum Veraldarvinnu, sem taka á móti rúmlega 1.600 sjálfboðaliðum ár hvert.

„Allar framkvæmdir verða kynntar Reykjavíkurborg áður en í þær verður ráðist,“ segir Þórarinn Ívarsson, framkvæmdastjóri félagsamtakanna Vildarvina. Hann segir að erlendir sjálfboðaliðar muni annast endurbæturnar undir leiðsögn húsasmíðameistara.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, gefur lítið fyrir gagnrýni Kjartans. „Það er engin



STÓRA-SEL Sjálfboðaliðar Veraldarvinnu þurfa að gera upp húsið Stóra-Seli við Holtsgötu 41b.

spurning að það þarf að færa húsið til upprunalegs hofs og tryggja að það sé ekki beinlínis hættulegt. Það hefði verið mikil sýndarmennska að fara í samráð með það,“ segir Dagur.

„Okkur fannst spennandi að gera bragabót á húsinu í samstarfi við Veraldarvinnu,“ bætir hann við. Hann treystir félaginu fyllilega til að sjá um endurbætur á húsinu. „Já, en við viljum að það verði allt undir eftirliti Minjastofnunar,“ segir Dagur.

Frægir hlaupa til góðs: Pétur Jóhann á von á meiru

FÓLK „Ha? Er ég bara búinn að safna 12 þúsund krónum. Það getur ekki verið. Ertu á réttri síðu? Ef þetta er rétt hvet ég alla vini og vandamenn sem og aðra til að styrkja mig,“ segir Pétur Jóhann Sigfússon leikari.



PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON

Hann bætir við að hann sé driffjöldurinn í Reykjavíkurmaraþoninu og því þurfi hann að taka sig á og benda fólki á síðuna hlaupastyrkur.is þar sem hægt er að styrkja hlauparana.

ALLT AÐ **70% AFSLÁTTUR**

SUMAR-MARKAÐUR ELLINGSEN

Ellingsen
REYKJAVÍK OG AKUREYRI

OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

SPURNING DAGSINS



Svandís Dóra, er Harry bestur í heimi?

„Já, og hjá Heimi er best.“ Svandís Dóra Einarasdóttir leikur í kvikmynd sem verið er að gera um þá Harry og Heimi.

Leiðtogi Bræðralags múslima hvetur stuðningsmenn til að gefast ekki upp: Meira en 80 fallnir um helgina

EGYPTALAND, AP Í það minnsta 80 stuðningsmenn Bræðralags múslima í Egyptalandi féllu í átökum sem brutust út í jarðarförum tveggja stuðningsmanna útskýfaðs forseta Bræðralagsins um helgina.

Leiðtogi Bræðralags múslima hvatti stuðningmenn sína til að gefast ekki upp þrátt fyrir mannfallið.

Stjórnvöld í Egyptalandi hafa veitt öryggisveitum víðtæka heimild til að handtaka mótmælendur. Það þykir benda sterk-

lega til þess að átökin eigi eftir að harðna enn á næstunni.

Átökin um helgina hafa deytt vonir um að hægt verði að ná sáttum milli fylkinganna tveggja sem takast á um stjórnlandsins.

Í yfirlýsingu frá John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem hann sendi frá sér á laugardag, hvetur hann stjórnvöld í Egyptalandi til að virða friðsamleg mótmæli. Hann hvetur einnig báða aðila til að eiga þroskaðar pólitískar viðræður.



MÓTMÆLT Öryggisveitir hafa fengið víðtæka heimild til að handtaka mótmælendur. NORDICPHOTOS/AFP

Framtíð St. Jósefsspítala: Hafnfirðingar krefjast svara

SVEITARSTJÓRNARMÁL Bæjar-yfirvöld í Hafnarfirði krefja ríkið svara varðandi framtíð byggingarinnar sem áður var St. Jósefsspítali. Hafa þau lýst yfir áhuga á að nýta húsið.

Meðal hugmynda um nýtingu eru að hafa þar héraðsskjalasafn, húsnæði fyrir tónlistarskóla, tónlistardeild bókasafnsins, aðstöðu fyrir myndlistafólk og kaffihús.

Velferðarráðuneytið telur sig ekki hafa heimild til að afhenda húsið á þessum forsendum.



FYRSTU NAUTGRIPIRNIR Í FJÖRUTÍU ÁR Nautin eiga nú loksins afturkvæmt til Eyja eftir gosið í Heimaey. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRÍÐRIKSSON

Svokallaðir Dallasbændur flytja nautgripi til Vestmannaeyja: Fyrstu nautin til Eyja eftir gos

LANDBÚNAÐUR Tveir nautkálfar komu til Vestmannaeyja í gær. Það eru fyrstu nautgripirnir sem þangað stíga fæti frá því að öllum nautgripum Eyjamanna var slátrað vegna eldsumbrotanna í Heimaey þann 23. janúar 1973.

Það eru hinir svokölluðu Dallasbændur, frá Dalabúi, sem standa fyrir þessum gripaflutningum. Guðjón Rögvaldsson, sem stendur fyrir flutningnum, segir í samtali við Eyjafréttir að ætlunin sé að rækta kálfana í kjöt, en þeir ná ákjósanlegri stærð á um 18 mánuðum.

Áður var margt um kýr í Eyjum og voru einar fimmtíu á Dalabúi þegar mest var. Það veitir kannski ekkert af nautasteikinni í Eyjum nú til dags þegar lundaveiðin bregst fyrir hverja Þjóðhátið.

Afdrifaríkt flipp söngpars á Grenivík

Hjón sem ákváðu í flippi að syngja og leika fyrir væntanlega brúðguma á biðilsbuxunum eru á leið til Mallorca á næsta ári til að spila í brúðkaupinu. Svona getur flipp á Grenivík opnað tækifæri í Suður-Evrópu segir söngkona dúettsins Óreiða.

MANNLÍF Rómantísk og fumlaus framganga hjónanna Sigríðar Heiðu Hallsdóttur og Þórðar Björns Ágústssonar á bryggjunni á Grenivík varð til þess að þeirra er nú vænst til spilamennsku í þýsku brúðkaupi á Mallorca á næsta ári.

Þau voru stödd á ættarsetrinu á Grenivík þegar þar nokkurt á bryggjunni vakti athygli þeirra. „Við vorum annars ekkert að hugsa um það fyrr en einn krakkinn kemur inn og segir að karlinn hafi skellt sér á skeljarnar,“ rifjar Sigríður Heiða upp.

Þetta var hann Tobias sem þarna bað Önu og hann hefði vart getað valið betri stund né stað því tómstundagaman hjónanna Sigríðar Heiðu og Þórðar Björns er að spila og syngja. Því varð úr að þau fóru niður að bátabryggju til að gæða bönörðsstundina frekari rómantik. Þórður tók gítarinn, Sigríður Heiða þandi raddböndin og rómantíski slagarinn hans Toms Waits, Little Trip to Heaven, ómaði um bryggju.

„Þau vissu ekki hvaðan á þau stóð veðrið,“ rifjar Sigríður Heiða upp. „Og það var ekkert við tilfinningarnar ráðið svo þau grétu þarna á bryggjunni meðan við sungum lagið. Þau lýstu því síðar að þeim hefði fundist þetta nánast óraunverulegt. Við birtumst þeim eins og álfar, sögðu þau.“

Anja trúði því ekki að þetta hefði verið sjálfsprottíð hjá tónlistarhjónunum og grunaði biðillinn sinn um að hafa skipulagt þetta á laun. „En hann kom náttúrlega alveg af fjöllum eins og hún,“ segir Sigríður Heiða.

En nú er það væntanleg brúður



HJÓNAKORNIN Í ÓREIÐU Flippið þeirra á bryggjunni á Grenivík gæti endað í þýsku brúðkaupi á Mallorca. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

sem hyggur á launráð til að koma brúðgumanum á óvart þegar þau verða gefin saman á Mallorca næsta sumar. „Nú vill hún að við komum til Mallorca og spilum lagið í brúðkaupinu þar án þess að láta hann vita,“ segir Sigríður Heiða.

Enn hafa engin fastmæli verið bundin í þeim efnunum en hjónin músíkölsku eru að hugsa málin. „En svona getur þetta verið, maður bregður á leik og flípar norður á Grenivík og það verður síðan til þess að okkar er vænst suður á

VÆNTANLEG BRÚÐHJÓN Þau Tobias og Anja vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið þegar Óreiða birtist á bryggjunni.

Mallorca. Svona getur lífið verið skemmtilegt,“ segir hún.

Þau eru ekki alveg óvön því að troða upp en dúett þeirra er kallaður Óreiða. Þau munu til dæmis taka nokkur lög á Kaffi Gæs í næsta mánuði en eins taka þau upp fræg lög og hlaða þeim niður á vefsíðu Soundcloud. jse@frettabladid.is

Féll útbyrðis af Skinney SF: Maðurinn talinn af

SLYS Sjómaðurinn sem féll útbyrðis af skipinu Skinney SF 020 á fimmtudag hét Gunnar Hersir Benediktsson. Hann var búsettur á Höfn í Hornafirði og var 22 ára, fæddur þann 1. september árið 1990.

REYKJAVÍKURBORG

50 milljónir í Perluna

Borgarráð samþykkti að verja 50 milljónum króna til að breyta hluta af húsnæði Perlunnar. Borgarráðsfulltrúar sátu hjá.

Fisksæld í Borgarfirðinum: Mest laxveiði í Norðurá í ár

VEIÐI Flestir laxar hafa veiðst í Norðurá í Borgarfirði það sem af er sumri. Þar hafa komið 2.285 laxar á land en í fyrra voru þeir einungis 953.

Athygli vekur að Ytri-Rangá er í sjötta sæti listans yfir aflatölur verið býsna háar undanfarin ár en í fyrra veiddust þar 4.353, sem eru þó bara smámunir miðað við metárið 2008 þegar þar veiddust rúmlega fjórtán þúsund laxar.

Leggðu nú við hlustir!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Horfur á berjasprettu í Borgarfirði og Eyjafirði góðar að mati berjavinar: Berin þroskuð um miðjan ágúst

NÁTTÚRA Horfur á berjasprettu eru góðar, að mati Emilíu Rafnsdóttur, leikskólakennara og berjavinar, sem kannað hefur stöðuna í Borgarfirði og Eyjafirði.



„Það lofar mjög góðu með bláberin en þau verða þó ekki orðin almennilega þroskuð fyrr en um miðjan ágúst í landi sem ég á við Munaðar nes. Í hittifyrra var ég farin að tína bláber þar í lok júlí. Núna verður kannski hægt að fara aðeins fyrr í ber fyrir norðan en í Borgarfirðinum. Grænjaxlarnir á bláberjalýnginu ofan við Kristnes í Eyjafirði eru aðeins farnir að taka lit.“

Emilía gerir ráð fyrir að vegna rigningartíðar á suðvesturhorninu í sumar verði bláberin þar ekki orðin nógu góð til tínslu fyrr en í lok ágúst. „En ég hef samt aldrei skilið það viðhorf að ekki megi fara of snemma af stað. Það er til nóg af berjum í landinu og núna geta börn til dæmis alveg farið að tína krækiber þótt þau séu smá. Það er svo gott að vera úti í náttúrunni.“

Sjálf kveðst hún helst tína bláber, bæði í Borgarfirði og í Brynjudal í Hvalfirði. „Ég fer svo stundum í sérferðir norður í aðalbláber. Ég tíni aldrei mikið þar sem ég tíni með höndunum en alveg nóg til þess að eiga í frysti allan veturinn.“

Á vefnum berjavinar.com er hægt að fylgjast með fréttum af berjasprettu.



BERJALÝNG Bláber í Eyjafirði eins og þau litu út á fimmtudag.

FIND **NEW** ROADS™



2.990 ÞÚS. KR.

FÁÐU MEIRA ÚT ÚR FERÐALAGINU Í SUMAR



Bíll á mynd: Chevrolet Cruze LTZ

NÝR CRUZE

SÉRLEGA
GLÆSILEGUR
OG HLAÐINN
BÚNAÐI

Það er ekki nóg með að Chevrolet Cruze sé einn sá fallegasti á götunum í dag, heldur er hann betur búinn en margir mun dýrari bílar. Komdu í heimsókn og kynntu þér þennan glæsilega bíl. Þetta er þitt tækifæri til að eignast draumabílinn frá Chevrolet – á enn lægra verði.



Chevrolet Cruze LT 1.8 I • bensín • bsk
Verð aðeins: 2.990 þús. kr.

Aksturstölva • bakskynjarar • bluetooth • hraðastillir • hiti í sætum • loftkæling
ESP skriðvörn • leðurstýri og fleira • kynntu þér ríkulegan staðalbúnað á benni.is

Opið alla virka frá 9 til 18
Lokað á laugardögum í júlí.
Verið velkomin í reynsluakstur.

Nánari upplýsingar á benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Bílltúð
Benna
— Sérfræðingar í bílum —

SVONA ERUM VIÐ



5,8% aukning verður á innflutningi á næsta ári samkvæmt hagspá ASÍ.

Það er betri niðurstaða en 0,4 prósent samdrátturinn sem spáin gerir ráð fyrir í ár.

Að sama skapi mun afgangur á viðskiptum við útlönd dragast saman úr 4,9% af vergri landsframléiðslu í ár í 2,2 prósent.

Ný rannsókn á siðleysingjum vekur von um að þeim sé viðbjargandi: Geta kveikt á samúðarrofnum

VÍSINDI Siðleysingjar búa yfir hæfileika til að kveikja eða slökkva á samúð með öðru fólki. Þetta fullyrða vísindamenn í Hollandi, sem greina frá nýrri rannsókn í vísindatímaritinu Brain.

Þessar niðurstöður ganga þvert á það sem áður var talið. Siðleysingjar hafa verið taldir ófærir um að finna til samúðar og eiga því til að fremja hina hræðilegustu glæpi án minnstu samvisku.

Hollendingarnir segja rannsóknir sínar skýra hvernig

siðleysingjar fara að því að vera heillandi í samskiptum þegar þeim hentar en samviskulausir með öllu þegar sá gállinn er á þeim.

Niðurstöður Hollendinganna vekja von um að þessum einstaklingum sé viðbjargandi. Hugsanlega sé hægt að kenna þeim að „kveikja á“ samúðinni þegar þurfa þykir í samskiptum við annað fólk.

Hollendingarnir gerðu tilraunir á 18 afbrotamönnum sem greindir hafa verið með siðleysi og 26 manna viðmiðunarhópi. -gb



STÓRGLÆPAMAÐUR Mannræninginn Ariel Castro er einn þeirra sem orðaðir hafa verið við siðleysi. NORDICPHOTOS/AFP

Þvinganir ESB á döfinni: Allar líkur eru á þvingunum

SIÁVARÚTVEGUR Þvingunar- aðgerðir Evrópusambandsins í garð Íslands og Færeyja virðast nú óhjákvæmilegar. Vegna þeirra mun hvorug þjóðin geta landað makríl eða síld né flutt tegundirnar í gegnum hafnir innan ESB.

Sambandið segir löndin ofveiða makríllinn en ljóst er að veiðarnar hafa gríðarlega efnahagslega þýðingu fyrir þjóðirnar tvær.

Íslendingar og Færeyingar hafna ásökunum um að veiðarnar séu ekki sjálfbærar. -js



STEFÁN LOGI SÍVARSSON Var sakfelldur í héraði en sýknaður í Hæstarétti.

Stefán Logi ósáttur við dóm: Krefst 2,5 milljóna í bætur

DÓMSMÁL Stefán Logi Sívarsson fer fram á tvær og hálf milljón í skaðabætur fyrir að hafa verið dæmdur að ósekju fyrir nauðgun í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hann var sýknaður í Hæstarétti.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, lögmaður Stefáns, segir að „lögreglan hafi gert mörg og ítrekuð mistök í þessu máli og hið sama má í raun segja um héraðsdóm og ákærvald“.

Vilhjálmur segir að Stefán hafi þurft að sitja undir því að vera „dæmdur nauðgari af dómstóli götunnar og sorptímaritum“. -js

Segja lítið öryggi á langferð: Stóðu í strætó í tvo klukkutíma

SAMGÖNGUR Tvær mæður urðu afar ósáttar þegar þær komust að því á föstudag að tólf og þrettán ára dætur þeirra voru standandi í strætó á leiðinni frá Sauðárkróki til Borgarfjarðar.

„Þær sögðu að það væru sjö manns standandi,“ segir Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, móðir annarrar stúlkunnar. Hún hafði samband við lögreglu vegna málsins. Í Borgarfirði kom annar strætó og fengu þá allir farþegar sæti. „Það er ófært að setja ungt fólk í þessar aðstæður,“ segir Fjóra María Lárusdóttir, móðir hinnar stúlkunnar. -jse

Engar forsendur til að leyfa fleiri farþega

Samgöngustofa segir engar forsendur til að rýmka reglur um fjölda farþega um borð í Rib-slöngubátum, þar sem þeir séu ekki nægilega öruggir. Hvalaskoðunarfyriertækin sem gera bátana út segja þá búna besta öryggisbúnaði sem völ sé á.

ÖRYGGISMÁL „Fyrst og síðast snúast þær reglur sem hér eru virtar um öryggi mannlífa á hafi,“ segir Þórhildur Elín Elínardóttir, upplýsingafulltrúi Samgöngustofu.

Samgöngustofa segir engar forsendur vera til að rýmka heimildir um fjölda farþega um borð í svokölluðum Rib-slöngubátum.

Í bréfi Samgöngustofu til innanríkisráðherra vegna fullyrðinga Ribsafari í Vestmannaeyjum og Gentle Giants á Húsavík um að reglur um farþega fjölda um borð í Rib-bátum séu sérlega íþyngjandi segir að Rib-slöngubátar hafi upphaflega verið framleiddir sem skemmtibátar og leiktæki. Í kjölfarið hafi einhverjir séð möguleika á því að nota „þessi leiktæki“ í atvinnuskyni með því að bjóða upp á „spennusiglingar“.

Samgöngustofa segir að öryggi sé ekki tryggt ef fleiri en tólf farþegar séu um borð í bátunum hverju sinni.

Forsvarsmenn hvalaskoðunarfyriertækjanna gefa lítið fyrir þessi rök Samgöngustofu og segja bátana búna öllum besta öryggisbúnaði sem völ sé á til farþegaflutninga, eins og fram kom í helgarblaði Fréttablaðsins.

Þórhildur segir könnun Samgöngustofu hafa leitt í ljós að þær reglur sem gilda hér séu þær



ÞÓRHILDUR ELÍN ELÍNARDÓTTIR



RIÐ-BÁTUR Rib-bátar eru stundum notaðir til að skoða hvali.

Hvað er Rib-slöngubátur?

Rib-slöngubátur er léttur og kraftmikill bátur með hörðum skrokk og mjúkum borðstokk, eins konar blanda af hefðbundnum gúmmibát og bát úr hörðu efni. Rib-bátar eru ýmist með einn eða fleiri utanborðsmótora eða innanborðsmotor. Þeir eru gjarnan notaðir af skemmtanaiðnaði, björgunarsveitum og köfutum.

sömu og annars staðar á Norðurlöndunum.

„Í hinum Norðurlandríkjunum eru ekki leyfðir fleiri en tólf farþegar í CE-merktum bátum. Til að fá leyfi fyrir fleiri farþegum þurfa bátar að uppfylla þær kröfur sem eru gerðar samkvæmt svokölluðum Norðurlandareglum um vinnubáta,“ segir Þórhildur.

„Ferðamenn eiga að geta treyst því að kröfur sem eru gerðar um öryggi þeirra á hafi séu ekki lakari

hér en gildir um löndin í kringum okkur,“ bætir hún við.

Niðurstaða Samgöngustofnunar er sú að stofnunin geti ekki mælt með rýmknun á þessum reglum af öryggissjónarmiðum.

Hvalaskoðunarfyriertækin tvö sögðust í fyrstu ætla að hætta að taka þátt í björgunaraðgerðum á sjó vegna þessa en hafa nú sagt að þeim ummælum hafi einungis verið ætlað að hreyfa við ráðherra.

johanness@365.is

Jóhannes Jónsson látinn

Jóhannes Jónsson, kaupmaður og stofnandi Bónuss, lést á Landspítalanum 27. júlí síðastliðinn eftir stutta sjúkrahúsvist.

Jóhannes fæddist í Reykjavík 31. ágúst 1940. Hann ólst upp í Hlíðunum og voru for-eldrar hans



Jón Eyjólfsson kaupmaður og Kristín Jóhannsdóttir húsmóðir. Hann á eftirlifandi systur, Ester Jónsdóttur.

Jóhannes byrjaði ungur að vinna hjá föður sínum í matardeild Sláturfélags Suðurlands og tók síðar við sem verslunarstjóri þar og sinnti því starfi í á annan áratug. Jóhannes lærði prentið en kaupmennska var ævistarf hans.

Árið 1989 stofnaði Jóhannes verslanir Bónuss ásamt fjölskyldu sinni. Jóhannes lét velgjörðarmál sig miklu varða.

Jóhannes lætur eftir sig eiginkonu, tvö börn, tvö stjúpbörn og fimm barnabörn.

Deilt um framtíð Palestínu: Friðarviðræður fara í gang á ný

ISRAEL, AP Samningamenn frá Ísrael og Palestínu munu koma friðarviðræðum ríkjanna í gang á nýjan leik á fundi í Washington í dag. Þetta kemur fram í tilkynningu frá bandaríska utanríkisráðuneytinu.

Viðræður ríkjanna hafa verið á ís frá árinu 2010. Til að sýna fram á samningsvilja samþykktu ísraelsk stjórnvöld að sleppa úr haldi meira en 100 palestínskum föngum í gær. -bj

HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND

Lyfjaskömmun kemur reglu á lyfjatökuna

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Á morgun 3-8 m/s, en stífari við NA-ströndina.

Miðvikudagur 5-10 m/s V-til, annars yfirleitt hægari.

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

Alicante 32°	Billund 25°	Gautaborg 24°	London 23°	Orlando 31°	San Francisco 17°
Basel 23°	Frankfurt 21°	Kaupmannahöfn 24°	Mallorca 30°	Ósló 24°	Stokkhólmur 24°
Berlín 23°	Friedrichshafen 17°	Las Palmas 26°	New York 28°	París 24°	

Allt í ferðalagið



ÚTSALA

20 - 80%

AFSLÁTTUR

GOTT VERÐ!

VÍKUR
V • E • R • K

VÍKURVERK - ALLT Í FERÐALAGIÐ!

VEISTU SVARID?



1. Tökur á hvaða sjónvarpsþætti stóðu yfir á Þingvöllum um helgina?
2. Í hvaða grein varð Helgi Sveinsson heimsmeistari á Ólympíuleikum fatlaðra?
3. Hversu margir látast árlega í lestarslysum í ríkjum ESB?

SVÖR

1. Game of Thrones. 2. Spjökastí. 3. Um tölfhundrað manns.

Vopnaður maður rænir skartgripum að andvirði 6,4 milljarðar í Cannes: Komst undan með þýfi í tösku

FRAKKLAND, AP Vopnaður maður rændi skartgripum að andvirði um 6,4 milljarðar króna af skartgripasýningu á Carlton-hótelinu í Cannes í Frakklandi um hádegi í gær.

Ræninginn hótaði starfsfólki með byssu og komst undan með þýfið í skjalatösku. Ekki hefur verið upplýst hver eigandinn er, að því er fram kemur í frétt BBC, en skartgripafyrirtækið Leviev stóð fyrir sýningunni.

Carlton-hótelid öðlaðist frægð eftir að Alfred Hitchcock tók upp

myndina To Catch a Thief árið 1955. Myndin fjallar um skartgripahjóf sem gerir út á frönsku Rivíerunni.

Þetta er þriðja skartgriparánið í Cannes á stuttum tíma. Hálsfesti að verðmæti um 300 milljónir króna var stolið á meðan Cannes-kvikmyndahátíðinni stóð yfir í maí og skartgripum að verðmæti 124 milljónir króna var stolið af hótélherbergi viku fyrr.

Talsmaður lögreglu segir allt kapp lagt á að upplýsa ránin. -bj



RÁN Lögreglumenn ráða ráðum sínum fyrir utan Carlton-hótelid eftir að skartgripum var rænt um hábjartan dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Venstre í Danmörku: Vilja bæta fyrir selapláguna

DANMÖRK Annaðhvort þarf að skjóta seli eða bæta dönskum sjómönnum búisfjar af völdum þeirra, segir Thomas Danielsen, talsmaður stjórnmálaflokksins Venstre í Danmörku.

Hann viðurkennir að selirnir sem mögulega þurfi að skjóta séu margir. Það eigi hins vegar ekki sjómennirnir sjálfir að gera heldur fagmenn. Sjómenn hafa orðið fyrir auknu fjárhagslegu tjóni þar sem selir hafa verið friðaðir í Danmörku í mörg ár. -ibs

Bara fjórðungur íbúa ESB með 4G-aðgang

Ný úttekt leiðir í ljós að einungis fjórðungur íbúa ESB-ríkja hefur aðgang að 4G-háhraðatengingu og nær enginn í dreifbýli. Varforseti framkvæmdastjórnar ESB varar við því að aukin netumferð gæti reynst núverandi kerfi ofviða að óbreyttu.

FJARSKIPTI Þrátt fyrir að aðgengi að 4G-háhraðafarsambandi hafi aukist mikið á heimsvísu síðustu misseri virðast íbúar flestra ESB-ríkja sitja eftir í þeim efnum því að einungis fjórðungur þeirra hefur aðgengi að slíkum tengingum.

Þetta kemur fram í nýrri úttekt Framkvæmdastjórnar ESB, en til samanburðar er bent á að 90% íbúa Bandaríkjanna hafa aðgang að 4G.

Í úttektinni kemur fram að einungis Þýskaland, Eistland og Svíþjóð séu með umtalsverða dreifingu á 4G, en þrjú ríki; Kýpur, Írland og Malta, bjóða alls ekki upp á 4G. Þá eru slíkar tengingar nær hvergi í boði í dreifbýli og 4G-áskriftir í ESB séu aðeins um 5% af áskriftum á heimsvísu.

Neelie Kroes, varforseti framkvæmdastjórnarinnar, segir í tilkynningu að aðildarríkin þurfi að taka sig á í þessum efnum, enda sé þróun í þessum málum afar hröð og hætta sé á að netkerfi hætti að anna umferð ef ekki verði bætt verulega í.

„Netnotkun með fartækjum mun aukast um 66% á ári samkvæmt spám. Snjalltæki eru orðin almenn eign og fólk vill geta horft á hreyfimyndir í þeim. Ef tíðnisvið verður ekki opnað frekar mun þetta allt hrynja,“ er haft eftir henni í tilkynningunni.

„Ég stend með borgurinum, skattgreiðendum, kjósendum sem vilja bara að símarinn og spjaldtölvurnar virki. Það er pirrandi



HÁHRAÐANET Úttekt á vegum Framkvæmdastjórnar ESB leiðir í ljós að einungis fjórðungur íbúa hefur aðgang að 4G-tengingu. NORDICPHOTOS/AFP

4G-þjónusta hafin á Íslandi

■ 4G-tenging býður upp á umtalsvert hraðari nettingar á farneti og sjá fjarskiptafyrirtæki það sem framtíðarþjónustu, enda hefur orðið sprenging í gagnaflutningum hjá viðskiptavinum, sem nota snjallsíma og spjaldtölvur í sífelld meiri mæli.

■ Gagnaflutningar um farsímanetið á Íslandi tvöfölduð milli ára 2010 og 2012 þar sem þau fóru úr 582.000 gígabætum upp í rúmlega 1,2 milljónir gígabæta.

■ Fjögur fjarskiptafyrirtæki hér á landi fengu úthlutað tíðniheimildum til 4G-þjónustu fyrr á árinu og Nova reid á vaðið þegar það hleypti 4G-þjónustu af stökkunum í vor. Vodafone fylgdi í kjölfarið í sumar og Síminn hefur hafið uppbyggingu á sínu 4G-kerfi ásamt því að auka hraðann á 3G-neti sínu. 365 miðlar, sem reka meðal annars Fréttablaðið, fengu einnig úthlutað tíðniheimildum.

að síminn minn hættir að virka þegar ég kem til Brussel því hér er aðeins 3G og það eru milljónir sem deila þeirri reynslu minni dag hvern. Svona á ekki að

reka hagkerfi. Þetta þýðir líka að Evrópubúar sem búa í dreifbýli og eru á ferðalagi eru líkt og annars flokks borgarar.“

thorgils@frettabladid.is

*Dimmjúttkar
brúðargjafir*

Úrval brúðargjafa á tilboðsverði

Lin
DESIGN

Lin Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri lindesign.is

Glæsileg
Gorenje
6 kg þvottavél
Tilboðsverð
99.900 kr.

Gorenje W6423 • LED-skjár • Sjálfhreinsibúnaður • Sparnaðarkerfi 17 mínútna hraðþvottur • „My favorite“-kerfi • Stórt hurðarop, 34 cm Einstaklega hljóðlát • Orkunýtni A+++ • 5 ára ábyrgð

Reykjavík Skútuvogur 1 Sími 562 4011 | Akureyri Draupnigsgata 2 Sími 460 0800 | Reyðarfjörður Nesbraut 9 Sími 470 2020

RÖNNING

Dýralíf með blómlegra móti fyrir austan og krúvarp líklegast aldrei betra:

Stóískur rostungur fyrir austan

DÝRALÍF Rostungur heimsótti Skálanes í Seyðisfirði í vikunni og tók lífinu með ró að sögn heimamanna. „Hann var ósköp gæfur og hafði engar áhyggjur þótt við værum þarna á vappi um tíu metra frá honum,“ segir Ólafur Örn Pétursson, staðarhaldari á Skálanesi, sem er yst á suðurtanga fjarðarins.

Þetta er annar rostungurinn sem sækir Austfirðinga heim en annar sem merktur hafði verið í Færeysjum hafi stutta dvöl á Reyðarfirði fyrr í sumar. Ólafur Örn segir þennan sem nú hafi sést jafn vel tenntan og hinn fyrr.

Það er varla að Austfirðingar láti sér bregða við slíka sjón en dýralíf er í miklum blóma þar eystra að sögn Ólafs Arnar. „Til dæmis er allt fullt af kríuungum og greinilega nóg æti,“ segir hann. „Ég hef aldrei séð þetta í slíkum blóma og karl faðir minn, sem er nú eldri en tvævetra, segir það sama svo þetta er ekki bara eitthvað bull í mér.“

Þar á ofan eru síðan höfrungar og stórhveli á stöðugu svamli fyrir austan.

Aðalheiður Bergþórsdóttir, menningar- og ferðafultrúi á Seyðisfirði, segir mannlífið ekki gefa dýralífinu neitt eftir en mikill fjöldi ferðamanna hefur verið þar í sumar og hver menningaraturburðurinn rekið annan. -jse



ROSTUNGUR Í SEYÐISFIRÐI Þessi stóiski rostungur hafði engar áhyggjur af nærstöddum Austfirðingum.

MYNDÓLAFUR ÖRN PÉTURSSON

SAMSUNG Miklu meira en sjónvörp og snjallsímar

5000 LÍNAN



32"
40"
46"
50"

Vönduð lína af LED sjónvörpum.
Verð frá: 104.900 kr.

6400 LÍNAN



40"
46"
55"
65"

SMART-TV · 3D · LED · 200 Hz. Frábær myndgæði. USB upptaka.
Verð frá: 219.900 kr.

8000 LÍNAN



46"
55"
65"

Samsung SMART TV
TOPPURINN Í MYNDGÆÐUM.

HEIMABÍÓ



Heimabíó 5.1 með Blu-ray spilara, 3D, 1000 W hátalarakerfi.
Tilboðsverð: 129.900 kr.

BLU-RAY SPILARAR



SMART · Blu-ray spilarari · 3D með Wi-Fi
Tilboðsverð: 44.900 kr.

MYNDAVÉLAR

NX 100



14.3 milljón pixlar, 20-50 mm linsa fylgir.
Tilboðsverð: 49.900 kr.

TÖLVUSKJÁIR



SAMSUNG

LS24B750VS

Fallegur 24" tölvuskjár sem hentar fyrir alla notkun. Tengdu Android símann þinn við skjáinn og upplifðu fulla háskerpu.
Verð: 54.900 kr

FARTÖLVUR



13.3"

NP900X3C-A02SE

Samsung 9 series er fullkominn ferðafélagi.
Aðeins 1,16 kg og ofurbjartur skjár.
Verð frá 274.900 kr.

FARTÖLVUR



15.6"

NP355E5C-S04SE

Falleg fartölva með stórum og björtum skjá.
Hentar fyrir alla daglega notkun.
Verð: 114.900 kr.

PRENTARAR



ML-3310D

Hagkvæmdur Laser-prentari sem prentar báðum megin.
Frábær fyrir allt skólafólk.
Tilboðsverð: 25.900 kr.

ÖRBYLGJUOFNAR



ME82V-WW

Úrval af mjög vönduðum örbylgjuofnum í ýmsum stærðum.
Þeir gerast ekki flottari.
Verð frá 29.900 kr.

KÆLI-/FRYSTISKÁPAR

Kæli- og frystiskápar, hvítir og stál. Margar gerðir.



UPPÞVOTTAVÉLAR

Vandaðar og glæsilegar uppþvottavélar.



ÞVOTTAVÉLAR/ÞURRKAARAR

Eco Bubble þvottavélar, demanta mynstruð tromla.
Verð frá 139.900 kr.



Stærðir 7-12 kg.

KÆLISKÁPAR

Mikið úrval hágæða kæliskápa. Stál og hvítir.
Verð frá 129.900 kr.



Sjá nánar:
samsungsetrid.is

SAMSUNG

SETRID
samsungsetrid.is

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
AKRANESI
SÍMI 530 2870

ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
455 4500

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

HEIMURINN



Heimabruggr dregur átján manns til dauða

1 PAKISTAN Að minnsta kosti átján menn eru látnir eftir að hafa drukkið eittrað alkóhól í Pakistan í fyrrakvöld. Flestir þeirra sem létust voru látnir áður en þeir komust á spítala. Yfir tuttugu liggja alvarlega veikir á spítala með áfengiseitrun. Borgaryfirvöld hafa fyrirskipað rannsókn á atvikinu en svo virðist sem mennirnir hafi allir drukkið alkóhólsvökva sem kom frá sama bruggaranum.

Ákærður fyrir manndráp

2 SPÁNN Grunur leikur á því að lestarstjórinn Francisco José Garzón Amo hafi verið að tala í farsímann þegar lestin fór af teininum skammt frá Santiago de Compostela á Spáni á miðvikudaginn var með þeim afleiðingum að 79 létust og meira en hundrað slösuðust. Samkvæmt fréttum spænska blaðsins El País neitar hann að tjá sig við yfirheyrslur, sem lauk í gær. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald í gær en þá var hann búinn að vera þrjá daga í vörslu lögreglu. Hann var mjög þjakaður á taugum en hefur þó afþakkað sálfræðiaðstoð.



Tilvonandi brúður lætur lífið í bátaslysi

3 NEW YORK Banaslys varð á Hudson-fljóti í New York-ríki á föstudagskvöld þegar Stingray-vélbátur klessti á byggingarpramma. Farþegar í bátinum voru Lindsey Stewart og unnusti hennar, Brian Bond, en þau ætluðu að giftast innan tveggja vikna. Auk þeirra voru fjórir vinir þeirra um borð í bátinum, þar á meðal svaramaðurinn tilvonandi Mark Lennon. Stewart og Lennon voru fremst í bátinum þegar áreksturinn varð og köstuðust í ána. Lík Stewart fannst nú síðdegis en Lennon hefur ekki fundist og er hann talinn af. Lögregla í New York-ríki rannsakar nú orsakir slyssins og útilokar ekki að vímuefni hafi komið við sögu.



KOMDU MEÐ PETTA GÓURINN Rita þessi telur það greinilega minna ómak að standi í stappi við lundann um ætíð en að fara eftir því sjálf. Myndin er tekin í hamri við höfnina í Bakkagerði á Borgarfirði eystri.

Hart í fuglaári syðra

Heldur er hart í ári hjá sjófuglum sunnan- og vestanlands en ekki virðist væsa um þá norðanlands og austan. Sandsílastofninn hefur ekki náð sér á strik.

NÁTTÚRA Eitt árið enn virðist sandsílastofninn hér við land ekki ná sér á strik, með tilheyrandi ætiskorti fyrir sjófugla. Lundinn hefur liðið fyrir þetta undanfarin ár. Fréttablaðið hafði samband við nokkra sem héldu til lundaveiða í síðustu viku og voru þeir ekki með hýrri há þegar spurt var um afdrif lundans.

Hins vegar bar þeim saman um að súlan lifði nú í vellystingum enda hefur hún bæði síld og svo hinn margumtalaða makríl á matseðli sínum. Sást nokkuð af makríl í hreiðrum hennar, til dæmis í Hellisey. Súlan virðist vera einn af fáum sjófuglum sunnanlands sem una sér vel. Norðanlands og austan er hins vegar annað uppi á

teningnum. Ólafur Örn Pétursson, staðarhaldari á Skálanesi í Seyðisfirði, segir að langt sé síðan krían hafi haft það jafn náðugt þar.

Einnig væsir ekki um lundann norðanlands en þar hefur hann að fleiri fæðutegundum að fljúga en einungis sandsíli, sem er uppi staðan í fæðu hans á Suðurlandinu.

jse@frettabladid.is

SPORTÍS

LAGERHREINSUN!

MERKJAVARA Á GÓÐU VERÐI

Í SAL FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS - MÖRKINNI 6

5.JÚLÍ - 1.ÁGÚST

OPIÐ MÁN.-FÖS: 12 - 18 - LAU.11-16

30 - 70% AFSLÁTTUR!

SKÓR - SPORTFATNAÐUR - BARNAFÖT - SUNDFÖT - TÍSKUFÖT O.FL.

ÓTRÚLEG VERÐ - NÝJAR VÖRUR DAGLEGA!

SPORTÍS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

ÚTSAULA



Útlegu maðurinn[®]

Korputorg | 112 Reykjavík | Sími 551 5600 | utlegumadurinn.is | Opnunartími: mán-fös kl: 10-18 - lau-sun kl: 12-16



LYFJAVERÐ Verðmyndun lyfja er ekki einföld. NORDICPHOTOS/GETTY

Misskilningur í lyfjamálum: Segja sjúklinga njóta afsláttar

HEILBRIGÐISMÁL Velferðarráðuneytið segir ekki rétt að Sjúkra-tryggingar Íslands geri tilkall til hlutdeildar í afslátt sem lyfsalar veita viðskiptavinum sínum.

„Sjúklingar njóta þess afsláttar sem lyfsalar veita þeim við kaup á lyfjum,“ segir í tilkynningu á vef ráðuneytisins.

Þar segir að málið snúist einungis um að lyfsalar sendi ráðuneytinu réttar upplýsingar um hversu háar fjárhæðir viðkomandi sjúklingur hafi greitt í raun, þar sem réttur sjúklinga til niðurgreiðslu frá sjúkratryggingum ráðist af því. -js

Fíkniefnasmygl til Noregs: Neyslan meiri en talið er

NOREGUR Neysla á fíkniefnum og viðskipti með þau er miklu útbreiddari og á fleiri samfélagsstigum en menn halda. Þetta segir norskur lögglumaðurinn Einar Aas í viðtali við norska ríkisútvarpið.

Á fyrri helmingi þessa árs lagði tollurinn í Noregi hald á fíkniefni í 1.997 skipti, 500 skiptum oftar en á sama tíma í fyrra. -ibs

Fann fjölskyldu sína aftur

Fimmtán ára drengur er kominn aftur í faðm fjölskyldu sinnar í Rawalpindi eftir að hafa verið týndur í sex ár. Pakistönsk líknarstofnun hefur ekið um landið með fimmtíu drengi í rútu. Allir hafa villst eða strokið.

Edhi-stofnunin í Pakistan

Stofnandi Edhi-stofnunarinnar er Abdull Sattar Edhi, sem nú er orðinn 85 ára gamall. Hann er fæddur á Indlandi en flutti til Pakistan 19 ára gamall. Móðir hans var þá nýlátin en hún hafði átt við alvarleg veikindi að stríða, hafði lamast og síðar veikst andlega.

Stofnunin er ein þekktasta líknarstofnun landsins. Hún rekur meðal annars sjúkraflutningaþjónustu, hjúkrunarheimili, munaðarleysingjahæli, kvenskýli, geðsjúkrahús og meðferðarstofnanir fyrir fíkniefnasjúklinga.

Þá fundu 48 börn af 55, sem ekið var um, foreldra sína aftur.

Þegar rútan var komin til Rawalpindi og ekið hafði verið þar um götur í töluverðan tíma taldi Zeeshan Ali sig bera kennsl á bílskúrinn þar sem hann hafði hjálpað frænda sínum við vélhólaviðgerðir. Eigandi verkstæðisins var ekki við en einn starfsmanna fór með drenginn heim til hans í götu ekki langt frá. Eigandinn þekkti Zeeshan Ali aftur, hringdi í frænda hans og þaðan komst hann til fjölskyldunnar.

Pilturinn segir að hann hafi upphaflega reynt að segja lögreglunni þegar hann fannst fyrst að hann ætti heima í Rawalpindi. Lögreglan hafi ekki hlustað heldur sent hann beint til Lahore. Þá var hann orðinn svo hræddur og reiður að hann sagði ekki neitt fyrr en löngu síðar, þegar hann var farinn að treysta starfsmönnum Edhi-samtakanna.

gudsteinn@frettabladid.is



GRÁTÍÐ AF GLEÐI Taj Bibi faðmar sonarson sinn að sér, sex árum eftir að hann villtist að heiman. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



TÝNDU DRENGIRNIR Edhi-stofnunin hefur veitt þeim húsaskjól og ekur nú um með fimmtíu pílta í rútu að leita foreldranna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

GÁMASALA Á

Hitaveituskeljum !!

- Skeljarnar eru byggðar úr trefjum.
- 100% sjálfberandi
- Microban, bakteríu fráhrindandi húð á skel.
- Sterkustu hitaveituskeljarnar á markaðinum
- Byggðar fyrir þægindi.
- Auðveldar í uppsetningu
- Kanadísk gæðavara



Myndin er af rafmagnspotti, en ekki hitaveituskel, hægt er að fá hitaveituskeljar með klæðningu utan um skelina. Annars kemur skelin frístandandi, án nuddstúta. Hægt er að sjá allar útgáfur í verslun Fiskikóningsins Sogavegi 3.

Hitaveituskeljar verð áður : ~~500.000~~

Gámasala núna : **399.000 stgr.**



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA

Tilboðin gilda til 4. ágúst



VERÐ SPRENGJA

Ben & Jerry's ís, 2 tegundir

788 kr. stk.



Stórar dósir 500 ml

Pepsi, Pepsi Max, Appelsín

78 kr. stk.

Stuðtilboð



VERÐ SPRENGJA

Chicago Town Deep Dish pizzur, 4 osta, pepperoni eða pylsu

378 kr. pk.

Nýtt



VERÐ SPRENGJA

Lambabógur, frosinn

658 kr. kg



Magnum Classic og hvítir íspinnar, 3 í pakka

388 kr. pk.



Mars-ís 6 stk. í pakka

388 kr. pk.

VERÐ SPRENGJA



Viennetta ískökur, vanillu eða jarðaberjabragð

388 kr. pk.

Nýtt

NAMMI LAND



50% afsláttur

í Nammilandi Iceland á laugardögum og sunnudögum!

Iceland

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

Fáum við góðar fréttir um verslunarmannahelgi?

Fyllirí og börn

Ölvun og slagsmál settu svip sinn á bæjarhátíð sem kallast Mærudagar og haldin er á Húsavík. Þetta er hefðbundin hátíð með svipuðu fyrirkomulagi og aðrar slíkar hátíðir. Mærudagar eiga að heita fjölskylduhátíð en engu að síður var ráðist, að því er virðist, tilefnislaust á fjóra einstaklinga. Þeir sitja eftir með skurði á andliti og brotnar tennur, samkvæmt lögreglu. Heldur var rólegra á Egilsstöðum um helgina, en þar var tónlistarhátíðin Bræðslan haldin og þurfti lögregla einungis að hafa afskipti af smápústrum milli drukkinna gesta. Hið sama má segja um fjölskylduhátíð sem haldin var í Grundarfirði um helgina og fór að sögn vel fram.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Á íslenskum bæjarhátíðum er ölvun mikil og fullt fólk áberandi. Það vitum við öll sem farið höfum á slíkar fjölskylduhátíðir. Í raun er mikil mildi þegar allt fer vel fram eins og á Írskum dögum á Akranesi fyrr í sumar. Lögreglan þar sagði hátíðina hafa farið óvenjulega vel fram í ár, en mikil gæsla var í bænum og aðeins 62 útköll á laugardeginum og aðfaranótt sunnudagsins. Aðeins tveir gistu fangageymslur og tvö ölvunaraksturasmál komu upp auk eins fíkniefnamáls. Þetta þykir með því betra á íslenskri fjölskylduhátíð.

Öll samtök og allir hópar sem hafa eitthvað að gera með velferð barna ráðleggja okkur foreldrum að vera ekki á fyllirí með börnunum okkar. Þeir foreldrar eru til sem finnst það ósanngjörn krafa og við öll sem höfum óvart farið með börnin okkar á bæjarhátíðir eigum erfitt með að skilja af hverju fólk vill að börn leiki sér í kringum mjög ölvað fólk sem er oft með háreysti og jafnvel ofbeldi.

Það dettur til dæmis engu heilvita foreldri að fara með börnin sín niður í miðbæ Reykjavíkur eftir kvöldmat. Ástandið þar er þannig að engum dytti í hug að kalla helgarnótt í Reykjavík fjölskylduhátíð. Nema þá kannski aðstandendur Menningarnætur en meira að segja aðstandendur þjóðhátíðardagsins 17. júní vilja fjölskyldurnar úr bænum um kvöldmatarleytið.

Síðustu áratugi höfum við upplifað meira frelsi í málefnum vímunnar. Bæði hvað varðar aðgengi og umburðarlyndi okkar gagnvart fullu fólki. Við drekkum næstum því helmingi meira magn nú en fyrir tíu árum. Íslenskir karlmenn eru sagðir drekka þrefalt meira en íslenskar konur og það er líka miklu meira fyrir fullum körlum haft. Það eru þeir sem berja og nauðga og ganga berserksgang í miðbæ Reykjavíkur og á fjölskylduhátíðum úti á landi.

Konur drekka samt sífellt meira og samkvæmt nýjustu tölum eru þær eiginlega búnar að ná körlunum. Þegar undirritaður fæddist drakk þriðjungur íslenskra kvenna á barneignaraldri ekki áfengi. Í dag lítur aðeins tuttugasta hver kona á sig sem bindindismanneskju. Karlar hafa á sama tíma aukið drykkju sína mikið en fyrir fjórutíu árum sagðist einn af hverjum tíu körlum drekka oftar en einu sinni í viku. Í dag drekkur annar hver íslenskur karl áfengi oft í viku.

Frelsi fylgir ábyrgð og við verðum að vanda okkur betur. Næsta helgi er verslunarmannahelgi. Gefum börnunum okkar góða helgi.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Óhræddur að spyrja þjóðina
Menn gerast æði svalir gagnvart þjóðaratkvæðagreiðslu allt í einu. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sagði til dæmis í samtali við Eyjuna að hann óttaðist ekkert að spyrja þjóðina hvort hún vildi ganga í Evrópusambandið því það væri alveg ljóst að hún vildi það ekki. Þá mætti spyrja: væri ekki hægt að haga lögum þannig að mál þar sem meirihluti þjóðarinnar er sammála ríkisstjórninni fari í þjóðaratkvæðagreiðslu? Þetta er álíka kjarkur og segjast þora að stíga inn í hringinn með

Mike Tyson svo lengi sem hann lofi að lemja mann ekki.

Sameinaðir í sundrung

Sundrung og klofningur er það helst sem heyrst af vinstri væng stjórnmalanna. Baldur Þórhallsson fjallaði í síðustu viku um sundrungu síðustu stjórnarflokka og síðan greindi Friðrik Þór Friðriksson því að hann væri búinn að fá nóg af sundurlyndi sem hann fékk að kynna hjá Borgarahreyfingunni og Dögun og því væri hann hætta í flokkspólitískum barningi. Þór Saari, þjáninga-bróðir Friðriks Þór, hoppaði upp í þennan vagn og gaf þríma-donnum

á baukinn sem hlupu undan merkjum. Ætli sósíalistarnir séu komnir á þá skoðun að best sé að hver sé í sínu horni?

Brynjar veri með oss

Formaður Vantrúar, Egill Óskarsson, virðist hafa talið að hann ætti hark í horni eftir að Brynjar Níelsson hraunaði yfir Ruv í hálfgerðri krossferð sinni á veraldarvefnum. Spurði hann Brynjar hvort hann sæi réttlætingu í því að ríkið ysi jafn miklu fé til Þjóðkirkjunnar og til Ruv. Svar Brynjar er á þann veg að ljóst má vera að Egill hafi ekki verið bænheyrður. jse@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

SNERTISKJÁR

ASUS

Frábært verð fyrir 11,6" fislétta fartölvu í hesta gæðaflokki með snertiskjá og Intel i3 örgjörva.

tl.is

TÖLVU LISTINN

119.990

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSSE HAFNARFJÖRÐUR

Verjum hagsmunum heimilanna

FJÁRMÁL

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra

Ýmsir hafa áhyggjur af stefnu stjórnvalda um leiðréttingu skulda og afnám gjalddeyrishaftanna. Enn er fullrytt að allt fari hér á versta veg ef kröfuhöfum verður ekki tryggður hámarkshagnaður af eignum sínum á kostnað ríkissjóðs og heimilanna. Nú síðast breytti S&P horfum ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar.

Að gefnu tilefni er því rétt að ítreka eftirfarandi. Stefna stjórnvalda er að leiðrétta stöðubreytt verðtryggð lán heimilanna. Skuldaleiðréttingin mun ekki auka skuldir ríkissjóðs. Nánari útfærsla mun liggja fyrir í nóvember. Bæði bein niðurfærsla höfuðstóls og skattalegar aðgerðir kunna að verða fyrir valinu í samræmi við stefnu stjórnarflokka. Mögulegt verður að beita fjárhæðartakmörkunum og öðrum skilyrðum til að tryggja jafnræði og skilvirgni úrræðanna.

Stjórnvöld telja rétt að þeir sem orsökðu hækkun verðtryggðra skulda greiði fyrir leiðréttinguna. Því sé rétt að það svigrum sem myndast samhliða uppgjöri þrotabúanna verði nýtt til að koma til móts við heimilin.

Forsætisráðherra og Seðlabanki Íslands buðu lánshæfismatsfyrirtækinu S&P sérstakan fund til að fara ítarlega yfir áform um skuldaleiðréttingu, grundvöll hennar og fjármögnun. Fyrirtækið ákvað að þiggja

→ Við vissum ætíð að þetta yrði ekki auðvelt. Gífurlegir hagsmunir eru undir að stoppa baráttu okkar fyrir heimilum landsins.

ekki það boð en þrátt fyrir það byggir það m.a. ákvörðun sína á að ekki liggi fyrir nægar upplýsingar um fyrirætlanir stjórnvalda. Afstaða þeirra er því ófagleg og illa grundvölluð, en kemur kannski ekki á óvart.

Við vissum ætíð að þetta yrði ekki auðvelt. Gífurlegir hagsmunir eru undir að stoppa baráttu okkar fyrir heimilum landsins. Ef smárikki á borð við Ísland kynni að leiðrétta skuldir heimilanna á kostnað fjármagnseigenda, þá gæti kannski fleirum dottið í hug að gera það sama!

Kannski skýrir þetta mismunandi afstöðu S&P til skuldaleiðréttingar og Icesave-samninganna á sínum tíma. Þá taldi S&P það bæta lánshæfismat Íslands að auka skuldir ríkissjóðs um 200 milljarða króna vegna Icesave. Yrðu samningarnir ekki samþykktir myndi matið hins vegar hugsanlega lækka umtalsvert.

Ísland mun standa við skuldbindingar sínar og stjórnvöld munu standa við loforð sitt. Loforðið er að lækka skuldir. Skuldir heimilanna, skuldir ríkisins og skuldir þjóðarbúsins. Það upplýsist hér með.

Hjól atvinnufíflsins

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur



Formaður Fjárlaganefndar, Vigdís Hauksdóttir, sagði yfirvofandi lækun á lánshæfismati Íslands hjá matsfyrirtækinu Standard og Poor's vera „íhlutun í íslensk innanríkismál“. Það er vissulega sjónarmið.

Og vera má að útlendingar hafi upp til hópa ekkert vit á efnahagsmálum. Eða þannig. En þá er á það að líta að matsfyrirtæki hafa ekki fyrst og fremst skyldur við ríkisstjórn Íslands þegar þau opinbera mat sitt – þau þurfa ekki einu sinni að hafa rétt fyrir sér. Þetta er einfaldlega vitnisburður um það orðspor sem fer af tilteknum aðgerðum stjórnvalda, trúverðuleika þeirra og líkindum á því að þær eigi eftir að reynast vel. Áhættan sem fylgir því að lána viðkomandi ríki er metin. Þetta er mat á horfum,

sem talið er að hafi versnað við það að til valda er komin ríkisstjórn sem lofað hefur endurvekja árið 2007 – án þess að ljóst sé hvernig eigi að fara að því með lágt gengi krónunnar og nánast fullvirkjað land. Kannski með hvalveiðum?

Árið eina

En 2007 á hvað sem það kostar að koma aftur með öllum sínum undursamlegu pallbílum, kennitölugaldri og landvinningum. Það var árið sem var svo óraunhæft að það var eiginlega ekki til; árið sem þýskir bankar neyddust um síðir til að afskrifa, um leið og önnur ríki hlupu undir bagga með Íslendingum þannig að hægt væri að greiða laun, hafa opnar búðir, nota kreditkort og svo framvegis. Þetta var árið þegar gengi íslensku krónunnar var í slíkum hæðum að Íslendingar fóru um lönd eins og lávarðar heimsins. Árið þegar Íbúðalána-sjóður fjármagnaði tugi tómra blokka sem risu um allt land handa álfum að búa í, á vegum eignarhaldsfélaga sem álfar stýrðu. Og er þá fátt eitt talið af

furðum þessa árs sem var eins og út úr suðuramerískri töfra-raunsæisskáldsögu.

Flokkarnir sem bjuggu til þetta ár komust til valda til að búa það til aftur, og þá renna sem sé tvær grímur á matsfyrirtækin sem eiga að segja til um það hvort óhætt sé að lána slíku ríki peninga.

Auðvitað er slíkt mat „íhlutun í innanríkismál“, rétt eins og öll samskipti manna á milli sem ná yfir landamæri. Það hljómar bara eitthvað svo norðurkóreskt að tala svona. Reyndar hefur það verið svo um allan langt skeið, að efnahagskerfi heimsins er allt meira og minna tengt; það kemur öðrum þjóðum við hvernig einu ríki er stjórnað – eins og evrópskar þjóðir máttu reyna þegar hér varð Hrun.

En svona tala þau sem stjórna landinu; reyna að gera okkur öll að liði; snúa öllu upp í hópefli, gott ef ekki þorskastríð: „Látum engan yfir okkur ráða“. Það verður nánast dyggð í sjálfu sér að margir séu ósammála manni og maður sé nokkurn veginn einn um sína skoðun. Bjartur í Sumar-

húsum er hin mikla fyrirmynd.

En Bjartur lifði í lygi. Hann drap kúna sína, þrælkaði út börnunum sínum og flæmdi þau frá sér og drap frá sér tvær eiginkonur með heimskuna eina að vopni. Því að Bjartur í Sumarhúsum var fyrst og fremst heimskur maður. Hann var á valdi einnar yfirtengilega vitlausrar ranghugmyndar sem eyðilagði líf hans og allra í kringum hann. Í guðs almáttugs bænum, Framsóknarmenn: Farið nú að lesa Sjálfstætt fólk.

Hugmyndir eru góðar eða slæmar, rangar eða réttar, sumpart eða alveg – en slíkt hefur ekkert með þjóðerni að gera. Það getur ekki verið spurning um þjóðarstolt að hafa skringilega stefnu í efnahagsmálum.

Myrkir í athugasemdum

Stundum geta „virkir í athugasemdum“ orðið býsna „myrkir í athugasemdum“ eins og dæmin sanna. Þegar ég var í gær í hálfgerðu netmóki að gjóða augum á einn slíkan þráð mislas ég athugasemd frá stuðningsmanni ríkisstjórnarinnar; sýndist hann

Flokkarnir sem bjuggu til þetta ár komust til valda og hafa lofað því að allt verði eins og þá var...

boða að nú skyldi „komið í gang hjólum atvinnufíflsins“.

Atvinnufíflíð. Óneitanlega nokkuð kunnugleg skepna. Það er skepnan sú arna sem reisti allar blokkirnar, greiddi sér arð úr gjaldþrota félögum; gat ekki farið út í búð án þess að láta eignarhaldsfélag með myndu nafni borga – og fara á hausinn – hljóp hlajandi frá skuldum sínum. Atvinnufíflíð býr ekki til atvinnu heldur fíflar atvinnuvegina, skapar engin verðmæti en skáldar peninga á pappír. Atvinnufíflíð er komið á hjólið með fimmhundraðustu kennitöluna, og farið að gíra sig upp. Við heyrum það langar leiðir: brumm brumm.

Þegar Elli kerling slæst í hópinn

Ég segi ekki að hún komi aftan að manni en smám saman verður vart við hana nálgast og svo er hún allt í einu komin einn daginn og fylgir manni svo áfram lífsgönguna, hvort heldur viðkomandi langar til að hafa hana sem ferðafélag eður ei. Þetta er hún Elli kerling.

Allt í einu var ég, kornungur, kominn í þennan stóra og sívaxandi hóp aldraðra; Elli kerling mætt mér við hlið en nokkuð ungleg og rökst til gangs og gagnlegra hluta. Ég ákvað að bægja henni ekki frá mér heldur reyna að hafa eitthvað gaman af kerlingunni fyrst hún var nú komin og eins og svo margir vita þá er hún margs fróð og getur hreint verið skemmtileg á köflum. Nóg með það.

Svo talað sé í öfugum, sem er stundum gott til að skýra myndina, þá voru flestir dauðir hér áður fyrr upp úr sextugu; útslitið fólk sem við fáum seint fullþakkað lífgjöfina. Á þessum tímamarki í lífi okkar erum við hins vegar að fara að velja fyrir okkur að hætta að vinna og taka til við áhugamálin og eitt og annað sem við höfum ætlað að gera þegar tími gæfist til. Fram undan er sum sé lífsins sena með flestu því sem hugurinn gírnist, allt frá barnabörnum og upp í frímerkí í kassa uppi á lofti.

Ég ákvað að mæta þessum tímamótum með því að ganga í Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Fór inn á heimasíður FEB.is og borgaði árgjaldið, 3.500 krónur, og fékk þetta líka fína kort með ótal afsláttum í hinum og þessum verslunum og fyrirtækjum um land allt. Var búinn að fá kortið endurgreitt með svona tilboðum strax næsta dag eftir að hafa verslað garðvörurnar í ár. Fram undan er stanslaus gróði og sagði óljúgróð kona mér að henni teldist til að hún sparaði tólf þúsund krónur á ári

SAMFÉLAG



Niels Árni Lund varaformaður Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

→ Maður þarf sem sagt ekkert að vera gamall – bara 60 ára – til að geta gengið í félagið.

– bara á fiskinnkaupunum þrisvar í viku!

Ég skora á alla sextíu ára og eldri að nýta sér þennan möguleika.

Svo er allt hitt. Ég komst fljótt að raun um að á vegum félagsins í félagsheimilinu að Stangarhyl 4, í einni fjölsóttustu félagsmiðstöð aldraðra í Reykjavík, er öflug starfsemi; dans, bríds, bókmennaklúbbur, ferðalög, söngur og er þá fátt eitt upptalið – allt áhugamál mín ef út í það er farið.

Maður þarf sem sagt ekkert að vera gamall – bara 60 ára – til að geta gengið í félagið með öllum réttindum og skyldum eins og þar segir.

Nú er það svo að Elli kerling er með þeim ósköpum gerð að hún getur verið ferðafélagi margra í einu og fyrir ýmsa er hún ekki neitt skemmtileg. Hún getur hreint út sagt verið hundleiðinleg, ekki síst þegar líða tekur á ferðina – á það til að missa heyrn og sjón, verða léleg til gangs og ofan í kaupíð getur fylgt henni einsemd sem síst er betra en annað.

Ég hef þá trú að hver og einn ráði nokkuð um hvernig ferðafélagi kerlingin verður.

Ágætu jafnaldrar. Hvort svo sem þið verðið nú varir við Elli gömlu eður ei, þá er hún ekki langt undan og seilist í kompaníð fyrr en varir. Taktu vel á móti henni, njóttu þess sem hún hefur að bjóða meðan hún er sæmilega hress og sannarlega er ein leiðin að því markmiði að ganga í Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Hluthafafundur í Tryggingamiðstöðinni hf. 20. ágúst 2013

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf., kt. 660269-2079, boðar til hluthafafundar sem haldinn verður á Hótel Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 Reykjavík, í sal 1 á 2. hæð, þriðjudaginn 20. ágúst 2013 og hefst kl. 16.00.

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi mál:

- Tillaga um breytingar á 12., 13., 14., 15., 16. og 19. gr. samþykpta félagsins. Í tillögunni felast einkum breytingar eða nánari fyrirmæli um:**
 - fresti til að tilkynna dagsetningu aðalfundar og boðun hluthafafunda (12. og 13. gr.),
 - bréflegar atkvæðagreiðslur (14. gr.),
 - fresti fyrir hluthafa til að fá mál tekin til meðferðar á hluthafafundi og fresti til að birta dagskrá hluthafafundar og þær tillögur og ályktanir sem fyrirhugað er að leggja fyrir fundinn (15. gr.),
 - framboð til stjórnar, svo sem framboðsfrest og tilkynningu um framboð (16. gr.) og skipan stjórnar þannig að þess sé gætt að eigi færr en tveir af hvoru kyni sitji í stjórn félagsins og heildarfjöldi aðalmanna og varamanna af hvoru kyni sé jafn (19. gr.).
- Kjör nýrrar stjórnar í samræmi við samþykktir félagsins að teknu tilliti til þeirra breytinga sem á þeim kunna að verða gerðar, sbr. lið 1.e hér að framan.**
- Lögð fram tillaga um heimild stjórnar til kaupa á hlutum í félaginu á næstu fimm árum þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé þess. Endurgjald fyrir keypta hluti skal miðast við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur er gerður.**
- Önnur mál löglega upp borin.**

Sérhver hluthafi á rétt til að fá mál tekið til meðferðar á fundinum, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar á skrifstofu félagsins, Síðumúla 24, Reykjavík, með nægilegum fyrirvara til að setja megi málið á dagskrá, en endanleg dagskrá fundarins skal liggja fyrir eigi síðar en viku fyrir fundinn.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð sem einnig skal vera dagsett. Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrirfram þátt í atkvæðagreiðslu skriflega og fá sendan atkvæðaseðil skal hann gera skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Að auki er unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 8:30 til 16:30) til og með mánudeginum 19. ágúst 2013, en fyrir lokun skrifstofunnar þann dag skal einnig skila þangað sendum atkvæðaseðlum.

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til félagsstjórnar skemmt fimm dögum fyrir hluthafafundinn. Í tilkynningunni skal tilgreina frambjóðanda, kennitölu, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu, svo og hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Fundarboðið, tillögur sem lagðar verða fyrir hluthafafundinn og aðrar nauðsynlegar upplýsingar varðandi fundinn má finna á vefsíðu félagsins (www.tm.is/fjarfestar). Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar á vefsíðunni viku fyrir fundinn og verða gögnin þá einnig hluthöfum aðgengileg á skrifstofu félagsins. Eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund verða aðgengilegar með sama hætti upplýsingar um framboð til stjórnar.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst og fengið fundargögn afhent.

Reykjavík, 29. júlí 2013.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

LANGAR ÞIG
Á TÓNLEIKA?

Það er sama hvað er að gerast - við seljum miðana.

midi.is



MERKISATBURÐIR

1858 Japanar undirrita Harris-samkomulagið, sem kveður á um venskap og viðskipti við Bandaríkjamenn.

1907 Friðrik VIII. Danakonungur heimsækir Ísland.

1934 Ríkisstjórn Hermanns Jónassonar tekur við völdum. Fjármálaráðherra er Eysteinn Jónsson og er hann yngstur allra sem gegnt hafa ráðherraembætti, 27 ára.

1957 Alþjóða kjarnorkumálastofnunin er stofnuð af Sameinuðu þjóðunum.

1981 Karl Bretaprins og lafði Díana Spencer ganga í það heilaga.

+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

BOLLI THORODDSEN
Sæbraut 6, Seltjarnarnesi,

lést fimmtudaginn 18. júlí á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin fer fram frá Neskirkju við Hagatorg í dag kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans láti líknarfélög njóta þess.

Ragnhildur Helgadóttir
Katla Gunnarsdóttir

Emil Thóroddsen **Helgi Bollason Thóroddsen**
Helgi Bollason Thóroddsen **Sigrún B. Bergmundsdóttir**
og barnabörn.



+

Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

SVERRIR INGÓLFSSON
löggiltur endurskoðandi,
til heimilis að Granaskjólí 7,

sem lést á Landspítalanum mánudaginn 22. júlí verður jarðsönginn frá Neskirkju þriðjudaginn 30. júlí klukkan 13.00.

Ingibjörg Kristjánsdóttir
Unnur Sverrisdóttir
Laufey Brynja Sverrisdóttir
Svava G. Sverrisdóttir **Stefán Þór Ólafsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



+

Innilegustu þakkir fyrir samúð, hlýhug og vináttu við fráfall ástkærrar eigin konu, móður, tengdamóður og ömmu,

SIGRÚNAR
GISSURARDÓTTUR.

Sigurður Þór Jørgensson
Guðni Þór Sigurðsson **Guðlaug Guðjónsdóttir**
Sigprúður Sigurðardóttir **Lárus Ingi Magnússon**
Sigrún Ása Guðnadóttir
Arnar Þór Guðnason
Sigurður Þór Ómarsson
Magnús Orri Lárusson
Kristjana Ása Lárusdóttir
Lilja Björg Lárusdóttir
Aron Gauti Lárusson



WWW.KVEDJA.IS

Útvarastofa
SVAFARS & HERMANNSS



Virding Reynsla & Þjónusta
Allan sólarhringinn



571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

Fjölbreytt úrval legsteina
Frí áletrun og uppsetning

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)



Granithöllin

Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði
www.granithollin.is
Sími 555 38 88



SKRIFAR UM JÓN LÆRÐA Ásdís hefur skrifað bæði heimildarmyndarhandrit og leikrit um sögu Jóns lærða og er ein þeirra sem eiga grein í safninu í spor Jóns lærða.

Féll fyrir Jóni sextán ára og elskar hann enn

Ásdís Thoroddsen kvikmyndagerðarkona er ein margra þjóðþekktara Íslendinga sem skrifa um Jón lærða í nýútkominni bók. Ásdís kynntist sögu Jóns sextán ára og hann hefur fylgt henni síðan. Hún hefur meðal annars skrifað um hann útvarpsleikrit.

Í spor Jóns lærða nefnist veglegt rit sem er nýkomið út hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi. Þar skrifar valinn hópur fólks um Jón lærða út frá ýmsum sjónarhornum. Meðal þeirra er Ásdís Thoroddsen kvikmynda-leikstjóri, sem hefur lengi haft brennandi áhuga á Jóni og sögu hans. „Þegar ég var sextán ára átti ég leið um slóðir Jóns og heyrði þá af honum og sögu hans. Fór upp úr því að lesa mér til um Spánverjavíginn og fannst þessi persóna svo sérstök að ég gat ekki hætt að hugsa um hann.“

Ásdís segir Jón hafa verið á skjön við samtíð sína og á vissan hátt hafi hann hugsað eins og nútímamaður. „Hann fylgdi eigin samvisku, ekki því sem var lögbodid eða fyrirskipað, og í greininni er ég að skoða hvernig samskiptum hans við höfðingja og yfirvöld var háttað. Þau voru ekki bara á einn veg heldur líka jákvæð. Vissulega var

hann á hrakningum í þrjátíu ár en jafnframt báru þeir virðingu fyrir honum. Endurreisnarstefnan, renesansinn, var hundrað ár að komast hingað norður eftir en á hans tíma var hún komin. Jón vissi óhemjumikið um fornöld okkar og menntamenn tóku hann upp á sína arma til að fá hlutdeild í þeirri vitneskju. Sagan sagði að það hefði orðið honum til lífs hvað hann talaði mikið. Það var svo eiginlega Brynjólfur Sveinsson biskup sem náðaði hann, ef svo má segja, og veitti honum skjól í ellinni.“

Þetta er magnað efni. Þér hefur ekki dottið í hug að gera kvikmynd um Jón lærða? „Jú, en það kostar mjög mikið að gera svona sögulegar myndir. Íslendingar einir eiga bágð með að gera slíkar myndir og snertiflötur útlendinga við þennan mann er lítill en þetta mætti alveg skoðast. Maður á aldrei að gefast upp.“

Ásdís hefur reyndar þegar dramatísærað ævi Jóns því hún skrifaði um hann heimildarmyndarhandrit fyrir nokkrum árum sem hún byggði á frásögn hans sjálf af Spánverjavígnum. „Útlendingum þótti efnið of sértækt og íslenskt á þeim tíma og vildu ekki styrkja það en þá var Ísland reyndar ekki komið í tísku. Það er hins vegar enginn vafi á því að Jón lærði og líf hans er heldur betur söguefni.“

Hjörleifur Guttormsson ritstýrir bókinni Í spor Jóns lærða og auk fjölda ritgerða um Jón segir Sjón þar frá tilurð Rökkurbýsna og Margrét Jónsdóttir Njarðvík fjallar um skáldsöguna Ariasman. Auk þess fylgir bókinni geisladiskur þar sem er að finna viðtöl, hljóðfærakort, ljóðalestur og kafla úr útvarpsleikritinu Sönn frásaga sem Ásdís skrifaði um Jón og upplifun hans af Spánverjavígnum.

fridrikab@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 29. JÚLÍ 1168

Kirkja til minningar um Þorlák helga

Þorlákur Þórhallsson (1133-1193) var prestur í Kirkjubæ á Síðu en varð fyrsti prúorinn í munkaklaustrinu í Þykkvabæ í Álfaveri árið 1168, sem þá var nýstofnað. Hann var kjörinn biskup á Alþingi 1174 en ekki vígður fyrr en í Niðarósi 2. júlí 1178 og varð þá biskup í Skálholti. Þorlákur fékk snemma á sig orð sem helgur maður sem gott var að heita á

og voru honum eignuð ýmis kraftaverk og lækningar. Biskupinn var tekinn í dýrlingatölu og áheit á hann leyfð árið 1198. Jóhannes Páll II. páfi útnefndi Þorlák verndardýrling Íslands 14. janúar 1985. Á þessum mánaðardegi sama ár var vígð kirkja í Þorlákshöfn í minningu biskupsins, fyrsta kirkjan þar síðan 1770.

Þess má jafnframt geta að Þorlákur helgi er verndari Kristskirkju í Reykjavík og á tvo messudaga á ári, Þorláksmessu að vetri, 23. desember, og Þorláksmessu að sumri, 20. júlí.



+

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

DANÍEL JÓNSSON
Hraunbæ 54, Reykjavík,
áður til heimilis að
Dröngum á Skógarströnd,

lést aðfaranótt laugardagsins 20. júlí á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju á morgun, þriðjudag 30. júlí, kl. 13.00.

Steinnunn Bjarnadóttir
Hrafnkell Daniellson
Aðalsteinn Bjarni Bjarnason
Anna María Bjarnadóttir

Karen Dögg Gunnarsdóttir
Kristín Guðbjörg Gísladóttir
Karl Einarsson



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

NANNA TÓMASDÓTTIR
áður að Húnabaut 14,

lést á Heilbrigðisstofnun Blönduóss fimmtudaginn 25. júlí. Útförin fer fram frá Blönduóskirkju miðvikudaginn 31. júlí klukkan 14.00.

Ingibjörg Skúladóttir
Páll Skúlason
Skúli Tómas Hjartarson
Skúli Pálsson
Hjörtur Máni, Alex Örn og Sandra Ósk.

Hjörtur Guðbjartsson
Anna Björg Hilmarsdóttir
Ingibjörg Sölvadóttir
Ásdís Dröfn Valdimarsdóttir



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

HVÍTUR BÍLL VINSÆLASTUR

Samkvæmt árlegri könnun bandaríska málningarframleiðandans PPG voru hvítir bílar vinsælastir í heiminum árið 2012 með 22%, næstur kom silfurlitur (20%), svartur (19%), grár (12%), rauður (9%), brúnhvítur (8%), blár (7%) og grænn (2%).



Colnago FRECCIA City bike



Járn og gler hf - Skútuvegur 1H
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 5858900 - www.jarngler.is

JARNGLER



GLEYMSKA VARÐ AÐ HUGMYND

HÖNNUN Á bak við hönnunarstofuna Tetriz standa þrjú hönnuðir sem allir lærðu í Milanó. Fyrsta vörulína þeirra kom til vegna gleymsku.

Við kynntumst í hönnunarnámi í Milanó og ætluðum alltaf að gera eitthvað saman. Við opnuðum stofuna í vor, útskýrir Auður Elísabet Jónsdóttir innanhússhönnuður en hún hefur, ásamt Markúsi Stefánssyni og Róbert Gíslasyni, sett á fót hönnunarstúdíóið Tetriz.

Fyrsta eigin vörulína Tetriz eru límímiðar sem einfalda hversdagslífið heima og urðu til vegna gleymsku.

„Ég var alltaf að gleyma símanum mínum heima og þá datt okkur í hug að hanna minnismiða á vegg, límímiða eða myndir af hlutum sem gleymast oft svo sem sími, lyklar, gleraugu og fleira. Fólk getur valið hluti sem því sjálfu hættir til að gleyma og límt undir setninguna Gleym mér ei,“ segir Auður en límímiðarnir fara í sölu í Heimkaup. „Þá erum við einnig að vinna þvottaleiðbeiningar á límímiða en strákarnir voru að grínast með að þeir þekktu ekki merkingarnar. Þegar

við fórum að skoða þær betur sá ég að ég þekkti þær ekki heldur. Við ætlum því að útfæra þvottamerkingarnar í skemmtilegum litlum límímiðum.“


Auður segir þau hafa haft nóg að gera frá því þau opnuðu stofuna og verkefnið séu af ýmsum toga.

„Þetta fer vel af stað enda erum við opin fyrir öllum hugmyndum og verkefnum. Við Markús erum innanhússhönnuðir með master í iðnhönnun og höfum ekki verið að takmarka okkur við eitthvað eitt. Tetriz hefur fengist við innanhúshönnun, grafíska hönnun og við sjáum einnig um ýmiss konar prentun, til dæmis á veggfóðri. Við höfum líka verið að hjálpa fólki, sem gengur með einhverja hugmynd að hönnun í maganum, við koma henni í framkvæmd,“ útskýrir Auður.

Nánar má forvitnast um Tetriz á www.tetriz.is og á Facebook.

TETRIZ Auður Elísabet Jónsdóttir og Markús Stefánsson, hönnuðir á Tetriz. Á myndina vantar Róbert Gíslason.

MYND/VALLI



GLEYM MÉR EI
Gleymaska varð til þess að þau hönnuðu límímiða með myndum af ýmsum hlutum sem vilja gleymast. Límímiðarnir fást í Heimkaup.

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ **TUDOR**



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

RÝMINGARSALA Á ÝMI HEILSUDÝNUM

Hágæða 5 svæðisskipt sjálfstætt pokagormakerfi sem styður mun betur við líkamann en venjuleg gormakerfi. Réttur stuðningur við líkamann sem gefur hámarkshvöld. Mýkra og betra axlarsvæði. Vandaðar kantstyrkingar. Ath. margar stærðir

Stærð	Verð áður	Rýmingarsöluverð með PU leðurbotni og fótum stgr.
90x200	89.900.-	74.900.-
140x200	119.900.-	104.900.-
180x200	149.900.-	134.900.-



Gerid gæða- og verðsamanburð

Frábært kynningarverð á **MEMORY HEALTH CARE** þrýstijöfnunar-heilsudýnum

Stærð	Kynningarverð
90x200	99.900.-
120x200	119.900.-
140x200	139.900.-
160x200	149.900.-
180x200	169.900.-

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is





visir þu að...
börn eiga
rétt á
vernd
og umönnun



ÖRVANDI Rautt í stofunni er ávísun á notalegar og skemmtilegar stundir.

LITIR OG VELLÍÐAN

LITAGLEÐI Leið þér best við eldhúsbörðið hjá mömmu? Þá ætti eldhúsið nú að vera málað í sömu tönun því litir hafa mikil áhrif á hamingju og vellíðan.

Séu æskuminningar úr eldhúsinu heima lit-aðar bláum og hvítum tönum eru sömu litir líklegri til að skapa hamingjustundir í eldhúsi fullorðinsáranna. Rauður er þó hinn eini sanni eldhúslitur því hann er lystaukandi, umvefjandi og hvetur til líflegra samræðna. Af sömu ástæðu er rauði liturinn áberandi á veitinga- og matsölustöðum.

Rauður er líka frábær kostur í borðstofur og stofur til að tryggja skemmtilega samveru og auka enn á matarupplifun gesta. Stofa er staður notalegra stunda og því eiga jarðlitirnir brúnn og drappaður einkar vel við í stofum, ásamt hlýjum appelsínugulum og gulleitum tönum.

Svefnherbergjið er griðastaður. Þar eru bláir, grænir og fjólubláir litir ákjósanlegir til að skapa róandi umgjörð og innilegt samlíf. Rautt svefnherbergi getur hækkað hjartslátt og blóðþrýsting og aukið virkni í stað hvíldar.

Badherbergi eru athvarf heimilisfólks til endurnýjunar og náðugra stunda en eiga einnig að standa fyrir hreinlæti. Því er hvítur litur þar iðulega áberandi en einnig friðsælir bláir, grænir og sægrænir tónar. Litaumgjörð við spegil ætti hiklaust að klæða húsráðandann því þá verður spegilmynd hans betri.

Vinnuherbergi er best sett í grænum lit því hann eykur einbeitingu og er notalegur til lengri vistar, rétt eins og í náttúrunni.



VERÐ Fjólubláir og grænir litatónar eiga vel við í svefnherbergjum.

Ertu búinn að fá þér Veidikortið!

Elliðavátn komið á kortið!



Veititímabilið er byrjað. Kr. 6.900.-

www.veidikortid.is

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu. Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentablaðinnun Capacent október-december 2012 - höfuðborgarsvæði 25-54 ára



FRÍSKANDI Hvítur er litur hreinleika og passar því vel á badherbergi en fersklega bláir, grænir og sægrænir litir eiga þar einnig vel við.



ELEGANT Blátt og hvítt eldhús er fallett og stílhreint en rauður þykir hinn eini sanni eldhúslitur.



VARÚÐ Þeir sem vilja passa línurnar ættu kannski að varast rauðan lit í eldhúsinu þar sem hann æsir upp matarlystina.

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnþogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
sölufulfrú



Erla Dröfn Magnúsdóttir
lögfræðingur



Ruth Einarsdóttir
sölufulfrú



Ásdís Irena Sigurðardóttir
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

FASTEIGNASALAN **BÆR**
www.fasteignasalan.is

Viltu selja?



Auður Kristinsdóttir
Lögg. Fasteignasali

Vegna mikillar sölu vantar mig 2ja og 3ja herbergja íbúðir í hverfum 101 og 105 Reykjavík.

Ákveðnir kaupendur biða eftir réttu eigninni.

Talaðu endilega við Auði í síma 824-7772 eða audur@fasteignasalan.is

Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá!

audur@fasteignasalan.is

Auður Kristinsdóttir



FRÍTT VERÐMAT
HRINGDU NÚNA

820 8081

Sýlvía G. Walthersdóttir
sylvia@remax.is

RE/MAX Alpha

RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

Íbúð á vinsælum stað í miðbæ Reykjavíkur

Fold fasteignasala kynnir: Góð endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á annarri hæð í steinhúsi við Garðastræti.

Komið inn á gang með parketi. Eldhúsið er með fallegri innréttingu, eldavél með halogenhelluborði, flísar á gólfi. Tvær stofur með parketi, lokað á milli með rennihurð, notað í dag sem herbergi og stofa. Svefnherbergi með parketi á gólfi.

Badherbergi með sturtuklefa, nýleg tæki, flísar á gólfi og í sturtuklefa. Tengt fyrir þvottavél á baði. Í kjallara er sérgeymsla, snyrtilegt sameiginlegt þvottahús og sameiginlegur kyndiklefi. Íbúðin er mikið endurnýjuð. Eldhúsinnrétting er nýleg og sömuleiðis tækin. Á badherbergi eru nýleg tæki og flísar. Gler, gluggar og raflagnir hefur verið endurnýjað.

Nánari upplýsingar hjá Fold



Þriggja herbergja íbúð við Garðastræti er til sölu hjá Fold. Íbúðin hefur nýlega verið endurnýjuð.

fasteignasölu, Laugavegi 170, sími 552 1400.

Þjónustusími eftir lokun: 694-1401/694-7895

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ 18.15-18.45 Í GARÐASTRÆTI 19 – VERIÐ VELKOMIN!

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærsted
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNNA - PVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Ásholt 3 - 270 Mosfellsbær



Glæsilegt 321,8 einbýlishús á tveimur hæðum með aukabúð í kjallara. Aðkoma að húsi á efri hæð sem skiptist í forstofu, hol, stóra stofu með arni, eldh., þvottah., þrjú svefnh., baðh. og gestasalerni. Neðri hæð: sér inngangur, forstofa með gufubaði og sturtu, 30 m² herb., stígagang upp á efrihæð, tvö gluggalaus rými samt. ca. 60 m². Lóðin er sérlega glæsileg með mjög mikið af trjágróðri og 28 m² sólskála með heitum potti. **V. 64,9 m.**

Prastarhöfði 29 - 270 Mosfellsbær



Mjög glæsilegt 252,3 m² einbýlishús á tveimur hæðum við Prastarhöfða 29 í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er rúmgóð forstofa, gestasalerni, stór stofa/borðstofa, eldhús með borðkrók, þvottahús, þrjú svefnh., badherbergi og geymsla og tvöfaldr bílskúr. Á efri hæðinni er stór setustofa með arni og sjónvarpsholi. Mikið útsýni er frá efri hæðinni. Lóðin er mjög falleg, steypt bílplan og stórar verandir með skjólveggjum. **V. 82,5 m.**

Reykjabyggð - 270 Mosfellsbær



144 m² vel staðsett einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 31,5 fm bílskúr við Reykjabyggð í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, innra hol, stofur, eldhús, badherbergi, þvottahús, 3 svefnherbergi. Inn af hjónaherbergi er fataherbergi og badherbergi. **V. 35,9 m.**



LAUS STRAX
AÐEINS EITT HÚS EFTIR

Laxatunga 26 - 270 Mosfellsbær
244,2 m², 5 herbergja raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Tvær svalir. Stórar stofur. Fjögur rúmgóð svefnherbergi. Björt rými og stórir gluggar. Húsið eru rúmlega foheld og afhendast í núverandi ástandi. **Verð 24,9 m.**



Kvislartunga 62 - 270 Mosfellsbær
240,2 m² raðhús á tveimur hæðum við Kvislartungu 62 í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er forstofa, stofa, sjónvarpshol og eldhús. Á 2. hæðinni eru fjögur góð svefnherbergi, fataherbergi, stórt badherbergi og þvottahús inn af baði. Ýmis frágangur er eftir í húsinu. **V. 36,0 m.**



Breiðavík 18 - 112 Reykjavík
Glæsilegt 109,9 m² 4ra herbergja íbúð efstu hæð í 6. hæða í lyftuhúsi við Breiðavík 18 í Grafarvogi. Falleg gólfefni og innréttingar, suðursvalir og mikið útsýni. **V. 33,5 m.**

Álfhólsvegur 45 - 200 Kópavogur



171,5 m² sérhæð á 1. hæð í þrjúbýlishúsi, ásamt 26,6 m² bílskúr við Álfhólsveg 45 í Kópavogi. Góð eign fyrir stórar fjölskyldur, góð rými og mörg herbergi. Góð afgirt timburverönd. **V. 37,9 m.**

Sumarhús við Klettsflöt í Húsafelli.



25 stiga hiti í Húsafelli!!

22,2 fm sumarhús + ca. 8 fm svefnloft (ekki skráð), heitt vatn, rafmagn, heitur pottur og sólpallur með skjólveggjum. Húsið var allt tekið í gegn að innan vorið 2007 og getur allt innbúið fylgt. Sundlaugi, golfvöllur og verslun í mjög stuttu göngufæri. **V. 6,7 m.**

Baldursgata 11 - 101 Reykjavík



Falleg 41,6 m², 2ja herbergja íbúð á jarðhæð við Baldursgötu 11 í Reykjavík. Eignin skiptist í svefnherbergi, stofu, hol, badherbergi og eldhús. Þetta er falleg íbúð sem var mikið endurnýjuð árið 2007. **V. 16,8 m.**

Litlikriki - 270 Mosfellsbær



Glæsileg og mjög vönduð 281,9 m² eign á tveimur hæðum, með innbyggðum bílskúr við Litlikrika í Mosfellsbæ. Húsið er sérlega glæsilegt og mikið í það lagt. **V. 56,0 m.**



Jón Guðmundsson
Sölustjóri
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Guðmundur H. Steinþórsson
Lögg. fasteignasali
gs@fastmark.is



Páll Þórólfsson
Söluáður
pall@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Halveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
halveig@fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

3JA HERBERGJA

4RA- 6 HERBERGJA

SÉRBÝLI

**VEGNA MIKILLAR
SÖLU ÓSKUM
VIÐ EFTIR
ÖLLUM STÆRÐUM
OG GERÐUM
EIGNA Á SKRÁ.**



HALLAKUR- GARÐABÆ

- Glæsileg 113,0 fm. íbúð á 1. hæð með sér inngangi.
- Rúmgóð og björt stofa. Stórar svalir til suðurs.
- Opið fallegt eldhús. 2 góð herbergi.
- Góð staðsetning. Stutt í skóla og leikskóla.

34,9 millj.



SÖRLASKJÓL - REYKJAVÍK.

- Glæsileg 90,4 fm. 4ra herbergja útsýnisíbúð.
- Endurnýjað eldhús og baðherbergi. Svalir til suðvesturs.
- Griðarlega fallegt útsýni. Röleg gata. Stutt í þjónustu.
- Frábær staðsetning niður við sjó.

34,9 millj.



VÍÐIGRUND – KÓPAVOGI

- Nánast algjörlega endurnýjað 126,2 fm.
- Húsið hefur allt verið endurnýjað að innan á sl. árum og er í mjög góðu ástandi.
- Stór og björt stofa. Þrjú herbergi.
- Ræktuð og skjólgóð lóð.

50,0 millj.

SUMARBÚSTAÐIR



SUMARHÚS Í LANDI KÁRASTAÐA

Sumarbústaður innan þjóðgarðsins, í landi Kárastaða á Þingvöllum með stórkostlegu útsýni yfir vatnið og fjallahringinn. Landið er leiguland 10.000 fm. að stærð, allt girt og með læstu hliði.

55,0 millj.



17. JÚNÍTORG – SJÁLANDI GARÐABÆ.

- Rúmgóð íbúð á 2. hæð í glæsilegu lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri.
- Íbúðin er 120,6 fm. að stærð auk 7,3 fm. sér geymslu.
- Sér stæði í bílageymslu. Vestursvalir.

35,5 millj.



STANGARHOLT - REYKJAVÍK. 5 HERB.

- 5 herbergja 123,6 fm. íbúð á 2. hæð miðsvæðis í Rvk.
- Íbúðinni fylgir 20,4 fm. bílskúr og sér geymsla í kjallara.
- Íbúðin er vel innréttað. Allar innréttingar eru úr beyki.
- Flísalagðar svalir út af stofum til suðvesturs.

39,9 millj.



REYKJAVÍKURVEGUR- HAFNARFIRÐI

- Virðulegt og afar fallegt 275,7 fm. einbýlishús
- Lofthæð efrí hæðar tæplega 3 metrar. Arinn í stofum.
- Mjög stór og gróin með steinsteypum veggjum
- 16,5 fm. bílskúr. Elkið er að húsinu frá Norðurbraut.

49,9 millj.



SUMARBÚSTAÐUR Í LANDI MIÐENGIS

- Fallegur 44,3 fm. sumarhúsið auk svefnlofts.
- Bústaðurinn stendur á 3.736,0 fm. ræktaðri eignarlóð.
- Rafmagnslagnir eru nýlegar og nýleg hitaveita. Tvöfalt gler.
- Stór verönd með heitum potti. Gróðurhús

14,9 millj.



BÁSBRÝGGJA- REYKJAVÍK.

- Glæsileg 100,0 fm. íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýlishúsi.
- Frábær staðsetning við sjávarkambinn. 30,8 fm. bílskúr.
- Opið eldhús. Rúmgóð stofa. 2 herbergi.
- Sjávarútsýni af svölum. Þvottaherb. innan íbúðar.

37,9 millj.



ÁLFASSKEIÐ – HAFNARFIRÐI. 5 HERB.

- Falleg og björt 117,4 fm. nokkuð endurnýjuð endaíbúð
- Gluggar í þrjár áttir og útgengi á verönd til suðurs.
- Baðherbergi endurnýjað.
- 23,7 fm bílskúr. Hús í góðu ástandi að utan.

26,4 millj.



BRÆÐRATUNGA- KÓPAVOGI.

- Virkilega fallegt og vel skipulagt 203,9 fm. endaraðhús.
- Frábær staðsetning í suðurhlíðum Kópavogs.
- 5 herbergi. Samliggjandi bjartar stofur. Sjónvarpsstofa.
- Gróðurhús á baklóð hússins.

45,0 millj.



EINBÝLISHÚS Á EYRAÞAKKA

Fallegt bárujárnsklætt 121,5 fm. einbýlishús á Eyraþakka. Húsið stendur á 613,2 fm. leigulóð og er byggt árið 1900. Byggt var við húsið árið 2006 á vandaðan hátt og á sama tíma var eldra húsið allt endurnýjað m.a. gler og gluggar, ofnar og raflagnir.

30,0 millj.



ÍÐUFELL – REYKJAVÍK.

- Góð 74,9 fm. íbúð á 4. hæð auk 6,9 fm. sér geymslu.
- Góð nýleg innrétting í eldhúsi.
- Yfirbyggðar, opnanlegar svalir til suðurs.
- Skipti á bil koma til greina.

16,9 millj.



SOGAVEGUR-REYKJAVÍK. EFRÍ SÉRH.

- 122,9 fm 3ja – 4ra herbergja efrí sérhæð auk bílskúrs.
- Afar vel innréttað eign. Sérsmíðaðar innréttingar.
- Samliggjandi stofur. 2 herbergi. 2 baðherbergi.
- Extra háar innihúðir. Halogenlýsing.



ÆGISGRUND- GARÐABÆ.

- 224,0 fm. einbýli á þremur p. að meðt. 54,4 fm. bílskúr.
- Í dag nýtt sem tvær íbúðir, en auðvelt að breyta aftur
- Stór og skjólgóð viðarverönd til suðurs með heitum potti.
- Frábær staðsetning. Stutt í skóla og aðra þjónustu.

45,0 millj.



FELLAHVARF

Fellahvarf – Kópavogi. Efrí sérhæð.

Mjög vönduð, fallega og vel skipulögð 119,6 fm. 3ja - 4ra herbergja efrí sérhæð á frábærum útsýnisstað við Elliðavatn. Mjög auðvelt er að bæta við 3ja svefnherberginu í íbúðinni, hvort sem er í hluta stofu eða með því að nýta geymslu við forstofu, sem barnaherbergi. Rúmgóð og björt stofa. Flísalagðar svalir til suðurs og vesturs. Eldhús með ljósum innréttingum. Griðarlega fallegt útsýni. **Verð 39,9 millj.**



LANGALÍNA 33-35

NÝJAR ÍBÚÐIR

Langalína 33-35 – Sjálandi Garðabæ. Nýjar íbúðir.

Glæsilegar 3ja og 4ra herb. íbúðir í nýju og glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 109 fm. upp í 151 fm. og afhendast fullbúnar án gólfefna, en baðherb. og þvottaherb. skilast flísalögð. Eikarinnréttingar í eldhúsi og vönduð tæki. Sér stæði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Lyfta er í húsinu, sem gengur niður í bílageymslu. Frábær staðsetning í fallegu umhverfi við sjávarsiðuna. Fallegar gönguleiðir eru í hverfinu. **Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.**

SÉRBÝLI



HÖRGLUNDUR- GARÐABÆ

- Vandað 344,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum neðarlega í Lundum.
- Frábært fjölskylduhús. Geta verið allt að 7 svefnherbergi.
- Nýlegar innréttingar í eldhúsi. Tvöfaldur bílskúr.
- Skjólgóð verönd til suðurs. Matjurtagarður á baklöd.

72,9 millj.

4RA- 6 HERBERGJA



MIÐTÚN 70- REYKJAVÍK. EFRI SÉRHÆÐ.

- **Opíð hús á morgun, þriðjudag frá kl. 17.30-18.00. Verið velkomin.**
- Glæsileg 4ra herb. 91,9 fm. efri sérhæð að meðtalinni 9,7 fm. geymslu á þessum góða stað. 33,6 fm. bílskúr. Eldhús, baðherbergi og öll gólfefni var endurnýjað á árunum 2007 og 2009. Húsið að utan er í góðu ásigkomulagi og lóðin er falleg.

31,5 millj.

PARHÚS



KÓPAVOGSBARÐ-KÓPAVOGI.

- Glæsilegt og vel hannað parhús á tveimur hæðum. Eignin er 315 fm. að stærð að meðtöldum 29,1 fm. bílskúr og 18 fm. opinnar geymslu/herbergis. Vel hönnuð og vönduð eign. Verulega lofthæð og miklir gluggar á efri hæð. Svalir til suðurs og verönd til suðurs og vesturs. Frábær staðsetning. Stutt í skóla, sund, þróttaaðstöðu og alla aðra þjónustu. Eignin afhendist fullbúin að utan og tæplega tilbúin til innréttinga.

ATVINNUHÚSNÆÐI



LÓNSBRAUT – HAFNARFIRÐI.

- 175,0 fm iðnaðarhúsnæði.
- Stór salur með góðri lýsingu og innkeyrsludryrum.
- Afhending getur verið fjótlega.
- Vel staðsett á hafnarvæðinu í Hafnarfirði.

24,0 millj.



SMÁRAFLÖT – GARÐABÆ.

- Einbýlishús við opið svæði niður við Lækinn.
- Glæsilegt útsýni yfir hraunið og Reykjanesfjallgarðinn.
- Eignin er 245,2 fm. að stærð auk tveggja samliggjandi garðskála.
- Einstök staðsetning. Eign sem vert er að skoða.

77,0 millj.



HÖRGLHÍÐ – REYKJAVÍK. EFRI SÉRHÆÐ

- Virkilega falleg sérhæð í tvíbýlishúsi á frábærum stað.
- Stofur með aukinni lofthæð. 4 herbergi.
- Stórar svalir til suðvesturs. Bílskúrréttur.
- Stór lóð við opið svæði. Stutt í alla þjónustu og skóla.

49,2 millj.



GRJÓTAGATA- REYKJAVÍK.

- Stórglæsilegt og algjörlega endurbyggt einbýlishús í Grjótagarpinu.
- Í húsinu er þegar leyfi fyrir gistiheimplisrekstri.
- Allt innbú til rekstarins fylgir.
- Húsið var allt endurbyggt í upprunalegum stíl árið 1999.

69,9 millj.



HOLTSGATA – 4RA HERB. MEÐ BÍLSK.

- Vel skipulögð 95,3 fm íbúð á 3. hæð auk 47,3 fm. bílskúr
- Bílskúr er í dag innréttaður sem 2ja herb. íbúð.
- Þjört stofa. 3 herbergi. Eldhús með eldri innréttingum.
- Stórar suðursvalir út af stofu.

36,5 millj.



LYNGHÁLS- REYKJAVÍK.

- 422,8 fermetra efri hæð við Lynghál. Húsnæðið er í útleigu í dag. Húsnæðið skiptist í afstúkaðar skrifstofur, eldhús / kaffistofur, kennslustofur, fyrirstralsal, opin vinnurými, rannsóknarstofu, tilraunastofu, annað stórt eldhús, salerni, ræstikompu o.fl. Húsnæðið er í góðu ástandi hið innra og hefur verið mikið endurnýjað og innréttað fyrir núverandi starfsemi á sl árum. M.a. er loftræstikerfi í hluta hússins.

89,0 millj.



ÓLAFSGÆISLI- REYKJAVÍK.

- Stórglæsilegt og afar vandað 240,1 fm. einbýlishús.
- Mikil lofthæð á efri hæð. Stórar stofur. Hjónasvita.
- Stór og viðhaldslitil hornlód á frábærum útsýnisstað í Grafarholti.
- Húsið er klætt að utan með íslensku líbaríti.

79,5 millj.



KLAPPARSTÍGUR

- Glæsileg 176,2 fm. útsýnisíbúð á tveimur efstu hæðum.
- Sér staði í bílageymslu. Þrennar svalir til norðurs, austurs og suðurs.
- Glæsilegar stofur. Sjónvarpsstofa með gólfsíðum gluggum.
- Mikil lofthæð er á efri hæð. Stórkostlegt útsýni út á sundin.



BÆJARHRAUN- HAFNARFIRÐI.

- Til leigu vandað 2.615,2 fm. iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði frá frábærum stað og með miklu auglýsingagildi. Tveir stórir vinnusalir, sér hannaðir fyrir matvælaframleiðslu. Stór afhafnalóð með fjölda bílastæða. Staðsetning er góð við Bæjarhraunið, stutt frá stofnbrautum og hefur framhúsið auglýsingagildi að Reykjanesbrautinni. Húsnæðið getur leigst í einu eða tvennu lagi.



Mýrarás - Reykjavík

- Mjög fallegt 255,7 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 46,5 fm. tvöföldum bílskúr í Seláshverfi. Byggt var við suðvesturhlíð hússins fyrir nokkrum árum síðan. Ofan á þaki viðbyggingar er útsýnisverönd /svalir. Nýlegar innréttingar eru í eldhúsi. Stórar stofur með arni og mikilli lofthæð. 5 herbergi. 2 baðherbergi. Falleg afgirt lóð með veröndum og lýsingu.

Verð 77,0 millj.



Nönnustígur – Hafnarfirði.

- Mjög glæsilegt 143,7 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum auk geymslu í kj. á þessum fallega og eftirsóttu stað í gamla bænum í Hafnarfirði. Húsið stendur á 309 fermetra leigulóð með góðum veröndum, sér bílastæðum og matjurtagarði. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum, m.a. járn á húsi og þaki, þakrennur og niðurföll, þakkantur endurnýjaður, verandir á lóð, raflagnir og tafra, gler og gluggar o.fl.

Verð 38,9 millj.



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali

Guðmundur Sigurjónsson, lögg. fasteignasali

Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali

Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali

Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali

Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali

Magnús Geir Pálsson, sölumaður

Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali

Gunnar Helgi Einarsson, lögg. fasteignasali

Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali

Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri

Elin Þorleifsdóttir, ritari

Anna M. Sigurðardóttir, ritari

Guðrún Magna Arnadóttir, ritari

LÍNAKUR 1A - ÍBÚÐ 0201 - 4 SVEFNHERB.



**OPÍÐ HÚS
mánudag**

Glæsileg fimm herbergja 160,7 fm endaíbúð á 2.hæð í nýlegu álklaðdu húsi á eistaklega góðum útsýnisstað í Akrahverfinu. Sérinnangangur af svalagangi. Eikarinnréttingar og eikarparket. Tvö baðherbergi. Fjögur góð svefnherbergi. Sérþvottahús innan íbúðarinnar.

Eignin verður sýnd mánudag frá kl. 17:30 - 18:00 V. 43,9 m. 3038

AUSTURSTRÖND - 12 ÍBÚÐ 0403 M. BÍLSKÝLI



Góð og björt 2ja herb. 66,1 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Mikil útsýni. Svalir í norður. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni. **V. 20,0 m. 3003**

VESTURBRÚ 1 -GLÆSILEG ÍBÚÐ MED ÚTSÝNI



Glæsileg 182 fm íbúð á tveimur hæðum ásamt bílastæði í bílageymslu. Um er að ræða vandaða íbúð í fjögurra hæða nýlegu lyftuhúsi og er innangengt í bílageymslu. Á hæðinni er forstofugangur, herb., stórt opið eldhús með borðstofu, þvottah., herbergi með klæðaherb., baðh. og stofa með svölum. Á efri hæðinni er stofa með svölum, tvö herb. og baðherb. Íbúðin er sérlega vönduð og eru m.a. hiti í gólfum, innfæld lýsing o. fl. Mikil útsýni. **3041**

ÁLAGRANDI - SÉR VERÖND



4ra herb. björt og vel skipulögð 106,9 fm endaíbúð sem snýr í suður og vestur. Góð timburverönd í suðvestur og sér lóð. Þrjú svefnherbergi. Flísalagt baðherbergi. Sér geymsla fylgir. Nýleg eldhúsinnrétting með granitborðplötum. **V. 34,8 m. 3024**

NÚPALIND 6 - ÍBÚÐ 0801 - 210 FM.



5-6 herbergja penthouse íbúð á 8 hæð í vönduðu álklaðdu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Allt að fimm svefnherbergi. Góðar innréttingar. Baðherbergi og gestasnyrtng. Glæsilegt útsýni. Laus strax og sölumenn sýna. **V. 44,9 m. 2958**

LOGASALIR - GLÆSILEGT EINBÝLISHÚS



Í einkasölu vandað fullbúið einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr á einstaklega góðum stað í Salahverfi í Kópavogi. Vandaðar innréttingar. Flísar og parket. Tvöfaldur bílskúr og gott geymslupláss. Falleg ræktauð lóð með veröndum og fl. Laust strax. Sölumenn sýna.

HRAUNPRÝÐI 11 -13 GARÐABÆ. - NÝ GLÆSILEG PARHÚS



Glæsileg ný fjölskylduvæn parhús á einni hæð ásamt opnu bílskýli. Húsin afhendast fullfrágengin með vönduðum innréttingum og fataskápum frá HTH. Gólfefni eru flísar og parket frá Byko ásamt hreinlætis og blöndunartækjum. Einstaklega vel skipulögð hús á einni hæð hönnuð með þarfir eldri borgara í huga. **Verð 56,9 millj. 2877**

PVERHOLT - ÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ ÁSAMT STÆÐI.



Glæsileg íbúð á tveimur hæðum, á 4. hæð (efstu), í vönduðu lyftuhúsi. Íbúðin er einstaklega björt með mikilli lofthæð og útsýni. Stæði er í bílageymslu. **V.46,9 millj.**

LINDARGATA 37 - NÝJAR GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Í SKUGGANUM.



Á Lindargötu 37 byggir Mannverk fjölbýlishús á 11 hæðum, alls 31 íbúð. Undir húsinu er bílajakallari á þremur hæðum og fylgir 1-2 stæði með hverri íbúð. Íbúðum er skilað fullbúnum án gólfefna nema 901, 1001 og 1101 sem eru seldar fokheldar. Húsið er hannað af arkitektastofunum Schmitdt, Hammer og Larsen, og Hornsteinum. Stærðir frá 91- 250 fm **2487**

FERJUVAÐ 1-3 - MJÖG GOTT VERÐ.



